



ÁRSSKÝRSLA

20
14



Háskólinn
á Akureyri

ÁRSSKÝRSLA

20
14




Háskólinn
á Akureyri



EFNISYFIRLIT

Stjórn	bls. 6
Skipurit	bls. 6
Formáli rektors	bls. 8
Nemendafjöldi	bls. 10
Starfsmenn	bls. 11
Gæðamál	bls. 12
Góðvinir Háskólans á Akureyri	bls. 13
Heilbrigðisvísindasvið	bls. 14
Hug- og félagsvísindasvið	bls. 18
Miðstöð skólaþróunar	bls. 24
Viðskipta- og raunvísindasvið	bls. 26
Markaðs- og kynningarsvið	bls. 32
Fjármála-, starfsmanna- og rekstrarsvið	bls. 33
Nemendur og deildir	bls. 34
Nemendaskrá	bls. 37
Fjamám	bls. 38
RHA - Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri	bls. 40
Bókasafn og upplýsingaþjónusta Háskólans á Akureyri	bls. 42
Félag stúdenta við HA - FSHA	bls. 43
Félagsstofnun stúdenta - FÉSTA	bls. 45
Símenntun HA	bls. 46
Sjávarútvegsmiðstöðin við HA - SHA	bls. 47
Rannsóknamiðstöð ferðamála - RMF	bls. 48
Rannsóknabing Norðursins, NRF	bls. 50
Samningar	bls. 51
Styrkir	bls. 52
Eitt og annað	bls. 54
Ársreikningur	bls. 70
Brautskráning	bls. 72
Brautskráningarræða rektors	bls. 74
Brautskráðir - myndir	bls. 78
Brautskráðir – listi	bls. 82
Lokaverkefni	bls. 84



STJÓRN

Yfirstjórn háskólans er falin háskólaráði og rektor og er háskólaráð æðsti ákvörðunaraðili innan háskólans. Háskólaráð hélt 15 fundi á árinu.

Háskólafundur er haldinn a.m.k. einu sinni á ári. Hann er vettvangur fyrir umræðu um fagleg málefni innan háskólans og akademíska stefnumótun. Fulltrúar nemenda, kennara og annars starfsfólks sitja háskólafundi. Haldinn var einn háskólafundur á árinu.

Framkvæmdastjórn sér um samræmingu á daglegum rekstri háskólans. Þar er farið yfir fjármál, áætlanagerð, og uppgjör, teknar ákvarðanir um samstarfssamninga og rætt um framgang þróunarverkefna og nýsköpunar, auk samræmingar verkefna á milli einstakra akademískra skipulagseininga og háskólaskrifstofu. Stjórnin er skipuð rektor, forsetum fræðasviða og framkvæmdastjóra.

Við háskólann starfar gæðaráð. Meginhlutverk þess er að bera ábyrgð á framkvæmd gæðakerfis háskólans og tryggja að háskólinn standist ávallt þær kröfur sem gerðar eru til gæða í starfi hans. Sæti í gæðaráði eiga rektor, forsetar fræðasviða, framkvæmdastjóri, gæðastjóri, forstöðumaður nemendaskrár, tveir fulltrúar starfsmanna háskólans og tveir fulltrúar nemenda.

Háskólaráð er skipað skv. lögum nr. 85/2008 um opinbera háskóla, með síðari breytingum.

Eftirtaldir skipuðu háskólaráð árið 2014:

Rektor, formaður háskólaráðs, Stefán B. Sigurðsson til 30. júní, Eyjólfur Guðmundsson frá 1. júlí

Fulltrúar menntamálaráðherra: Kristín Ástgeirsdóttir framkvæmdastýra, til vara Hallur Gunnarsson tölvunarfræðingur

Fulltrúar háskólasamfélagsins: Hermína Gunnþórsdóttir, lektor og Hjörleifur Einarsson, prófessor, til vara Sigríður Vilhjálmsdóttir, verkefnastjóri og Óskar Þór Vilhjálmsson, tækniamaður.

Fulltrúar háskólaráðs: Finnboji Jónsson, stjórnarformaður Advania, og Svanfríður Inga Jónasdóttir bæjarstjóri, til vara Hjalti Jón Sveinsson skólameistari.

Fulltrúar Félags stúdenta við Háskólann á Akureyri: Hafdís Erna Ásbjarnardóttir til loka september, Berglind Ósk Guðmundsdóttir frá og með október.

Varamenn á sama tíma: Aníta Einarsdóttir, Grímur Rúnar Lárusson.

Rektor:

Háskólans á Akureyri til 30. júní var Stefán B. Sigurðsson, frá og með 1. júlí Eyjólfur Guðmundsson.

Framkvæmdastjóri:

Ólafur Halldórsson.

Gæðastjóri:

Sigrún Magnúsdóttir.

Fræðasvið og forsetar fræðasviða.

Háskólinn skiptist í þrjú fræðasvið skv. 7. gr. reglna nr. 387/2009 fyrir Háskólann á Akureyri, með síðari breytingum.

Heilbrigðisvísindasvið:

Árún Kr. Sigurðardóttir. Staðgengill forseta var Hafdís Skúladóttir þar til hún fór í leyfi 1. ágúst, eftir það Kristín Sóley Sigursveinsdóttir.

Hug- og félagsvísindasvið:

Sigrún Stefánsdóttir. Staðgengill forseta var Bragi Guðmundsson.

Viðskipta- og raunvísindasvið:

Ögmundur Knútsson. Staðgengill forseta var Hreiðar Þór Valtysson.



Forstöðumaður fjármála-starfsmanna- og rekstrarsviðs:

Úlfar Hauksson.

Forstöðumaður nemendaskrár:

Stefán Jóhannsson.

Forstöðumaður markaðs- og kynningarsviðs:

Kristín Ágústsdóttir.

Forstöðumaður RHA – Rannsóknna- og þróunarmiðstöðvar HA:

Guðrún Rósa Þórsteinsdóttir.

Framkvæmdastjórn samþykkti í október breytingu á heiti RHA. Heitið verður: RHA – Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri.

Forstöðumaður upplýsingasviðs:

Astrid Margrét Magnúsdóttir.

Framkvæmdastjórn samþykkti í október breytingu á heiti upplýsingasviðs. Heitið verður: Bókasafn og upplýsingaþjónusta Háskólans á Akureyri.

Reglur og stefnumál samþykkt af háskólaráði 2014

Háskólaráð samþykkti að takamarka fjölda fyrsta árs nemenda í hjúkrunarfræði á vormisseri 2014 við 50 nemendur, óbreytt frá fyrra ári.

Háskólaráð samþykkti reglur nr. 596/2014 um gjaldskrá Háskólans á Akureyri vegna þjónustu við nemendur og innheimtu og ráðstöfun skrásetningargjalds.

Háskólaráð samþykkti drög að reglum heilbrigðisvísindasviðs, hug- og félagsvísindasviðs og viðskipta- og raunvísindasviðs um doktorsnám.



STEFÁN B. SIGURÐSSON

FORMÁLI REKTORS

Árið 2014 var ár áfanga og breytinga fyrir Háskólann á Akureyri. Um mitt árið urðu rektorsskipti við skólann. Stefán B. Sigurðsson lét af embætti og við tók Eyjólfur Guðmundsson.

Í byrjun árs lauk vinnu við sjálfsmatsskýrslu vegna ytri gæðaúttektar fyrir Háskólann á Akureyri og var skýrslan afhent Gæðaráði íslenskra háskóla í janúar. Niðurstöður skýrslunnar voru kynntar á ráðstefnu í september.

Niðurstaða gæðaúttektarinnar var starfsfólki og nemendum háskólans til mikils sóma. Úttektarnefndin bar traust til háskólans, bæði hvað varðar akademískt starf og námsumhverfi nemenda. Eftir mörg ár niðurskurðar og þröngingja í fjármálum skólans var það engan veginn sjálfgefið að ná þessari niðurstöðu í gæðaferlinu. Niðurstaðan er hinsvegar vottur um gæði skólans og það hversu mikið starfsfólkið er tilbúið að leggja á sig svo unnt sé að reka hann sem menntastofnun sem stenst fyllilega kröfur alþjóðlega skipaðs Gæðaráðs íslenskra háskóla.

Afrakstur gæðaúttektarinnar er þegar farinn að skila umbótum í starfi skólans. Af einstökum atriðum má nefna stofnun kennslumiðstöðvar HA sem mun leiða til endurbóta í fjar-kennslu, bæði hvað varðar tæknilegan grunn og kennslufræðilegan. Unnið verður í nánú samstarfi við einstök fræðasvið og munu áhrif þessarar vinnu koma í ljós á næstu misserum. Gæðaráð HA hefur á skrá um 40 umbótaatriði önnur og gengur vel að vinna að þeim málum.

Í ársskýrslu þessari er ítarleg umfjöllun um starfsemi fræðasviða og annarra eininga skólans. Mjög áhugavert er að lesa yfir skýrsluna í heild sinni því aðeins þannig er unnt að átta sig á því viðamikla starfi sem hér fer fram á hverju ári. Til viðbótar hefðbundnu háskólastarfi, kennslu og rannsóknnum eru haldnir tugir málstofa og ráðstefna á þeim breiðu fræðasviðum sem skólinn byggir á. Þau eru líka grunnur þeirrar sérhæfingar sem fram kemur í námsframboði líkt og iðjupjálfun, nútímafræði, byggðafræði, líftækni og sjávarútvegsfræði.

Á haustmisseri 2014 stunduðu um 1700 nemendur nám við skólann. Er það mesti fjöldi nemenda frá upphafi. Aðsókn að námi við skólann er staðfesting á því góða starfi sem hér fer fram. Það er þó áhyggjuefni að enn eykst kynjahalli í nemendahópnum. Konur eru nú 79% nemenda en karlar aðeins 21%. Að rétta af þann mun verður eitt af helstu verkefnum skólans á næstu árum. Lausnin felst í margþættum aðgerð-

um. Til dæmis þarf að efla kynningu á kennaranámi og námi í hjúkrunarfræði til karlanna. Jafnframt þarf að breikka námsframboðið þegar til lengri tíma er litið. Þar er horft sérstaklega til náms í tæknifræði þar sem höfðað væri jafnt til beggja kynja í nýju og spennandi námsumhverfi.

Árið 2014 var mjög alþjóðlegt í starfi háskólans. Auk margra erlendra fræðimanna sem sóttu skólann heim kom Victoria, krónprinsessa Svía, í heimsókn í júní. Fékk hún kynningu á skólann og áherslum hans í norðurslóðamálum. Í maí var haldin í HA ráðstefna rektora háskóla á norðurslóðum, UArctic Rectors' Forum. Þar var samvinna háskóla á norðurslóðum til umræðu. Meðal annars var rætt um, hvernig standa má að gæðaumbótum í skólastarfi. Í byrjun júní fór fram í HA önnur kínversk-norræna norðurslóðaráðstefnan sem haldin hefur verið. Háskólinn fékk einnig í heimsókn góðan hóp nemenda og fleiri gesta frá Western Kentucky háskólanum í Bandaríkjunum. Þeir voru hér til að kynna sér loftslagsbreytingar á norðurslóðum. Skemmst er frá því að segja að skólarnir tveir sjá mikla möguleika til samstarfs. Í október var skrifað undir formlegt samkomulag þess efnis að skólarnir tveir, WKU og HA, sækja sameiginlega fram í kennslu og rannsóknum á áhrifum hnattrænnar hlýnnunar á norðurslóðum. Tenging Háskólans á Akureyri við norðurslóðir hefur því eflst enn frekar á árinu.

Heildarfjöldi ársverka við skólann jókst lítillega á árinu, eða úr 164 í 169. Enn vantar meira en 20 stöðugildi til að segja megi að skólinn sé að fullu mannaður til sinna þeirri þjónustu sem boðið er upp á. Fjárhagsþröngingjar síðustu ára eru farnar að segja verulega til sín og ljóst er að aukning fjármagns til skólans er forgangsverkefni á næstu misserum. Það er sameiginlegt verkefni okkar allra en er þó leitt af rektor og yfirstjórn skólans.

Þegar litið er yfir árið 2014 í heild sinni geta starfsmenn og nemendur verið stoltir af Háskólanum á Akureyri. Skólinn hefur sýnt og sannað að hann á fullt erindi sem ein af helstu menntastofnunum landsins. Með auknum rannsóknum og doktorsnámi á komandi árum verður Háskólinn á Akureyri einn af mättarstólpum íslensks samfélags.

Með vinsemd og virðingu







NEMENDAFJÖLDI

Alls voru 1.703 nemendur skráðir til náms á haustmisseri 2014. Í staðarnám voru skráðir 664 nemendur, 750 í fjarnám og 289 í lotunám. Konur voru í miklum meirihluta eins og verið hefur eða 1.342 og 361 karl.

Míðað er við nemendatölur 15. október 2014.

Alls var 67 umsóknum um skólavist sýnjað.

Heildarfjöldi nemenda





STARFSMENN

Á árinu hlutu eftirtaldir starfsmenn framgang eða fengu hæfisdóma í tengslum við ráðningar.

Framgangur:

Ásgrímur Angantýsson, dósent við hug og félagsvísindasvið frá 1. júlí.

Háskólaráð skipaði framgangsnefnd í fyrsta sinn skv. reglum nr. 747/2012 um framgang akademískra starfsmanna við Háskólann á Akureyri.

Rannsóknarmisseri:

Joan Nymand Larsen haust 2014 og vor 2015

Ársæll Már Arnarsson haust 2014 og vor 2015

Guðrún Pálmadóttir haust 2014

Sigrún Sveinbjörnsdóttir haust 2014 og vor 2015

Hermann Óskarsson vor 2015

Oddur Vilhelmsson haust 2014 og vor 2015

Elísabet Hjörleifsdóttir haust 2014 og vor 2015

Kristjana Fenger haust 2014 og vor 2015

Hafdís Skúladóttir haust 2014 og vor 2015

Jón Haukur Ingimundarson haust 2014 og vor 2015.

Eftirtaldir starfsmenn Háskólans á Akureyri luku doktorsprófi:

Hermína Gunnþórsdóttir, lektor við kennaradeild hug- og félagsvísindasviðs, varði doktorsritgerð sína í menntavísindum við Uppeldis- og menntunarfræðideild Menntavísindasviðs HÍ þann 20. júní.

Íslenskt heiti ritgerðarinnar er: *Kennarinn í skóla án aðgreiningar. Þekking, skilningur og hugmyndir kennara um menntun án aðgreiningar.*

Leiðbeinendur Hermínu voru Dóra S. Bjarnason, prófessor og Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, prófessor, bæði við HÍ. Auk þeirra sat í doktorsnefndinni Julie Allan, prófessor við University of Stirling, Skotlandi.

Andmælendur við doktorsvörnina voru Geert Van Hoove, prófessor við Ghent University í Belgíu, og Elizabeth Kozleski, prófessor við The University of Kansas, Bandaríkjunum.

Anna Ólafsdóttir, dósent við kennaradeild hug- og félagsvísindasviðs, varði doktorsritgerð sína í menntavísindum

við Uppeldis- og menntunarfræðideild Menntavísindasviðs HÍ þann 25. júní.

Íslenskt heiti ritgerðarinnar er: *Hugmyndir háskólaakennara um „góða háskólaakennslu“ og þættir innan og utan stofnunar sem þeir telja að hafi áhrif á hvernig kennslan fer fram.*

Leiðbeinendur Önnu voru Sigurlína Davíðsdóttir, prófessor emerita, og Jón Torfi Jónasson prófessor, bæði við HÍ. Auk þeirra sat í doktorsnefndinni Noel Entwistle, Professor Emeritus við The University of Edinburgh, Skotlandi.

Andmælendur við doktorsvörnina voru Dai Hounsell, prófessor við The University of Edinburgh og Michael Schratz, prófessor við University of Innsbruck, Austurríki.

Þorbjörg Jónsdóttir, lektor við hjúkrunarfræðideild heilbrigðisvísindasviðs, varði doktorsritgerð sína í hjúkrunarfræði við Hjúkrunarfræðideild Heilbrigðisvísindasviðs HÍ þann 16. desember.

Íslenskt heiti ritgerðarinnar er: *Langvinnir verkir, heilsutengd lífsgæði, notkun á heilbrigðisþjónustu og samskipti við heilbrigðisstarfsmenn vegna langvinnra verkja meðal íslensks almennings.*

Leiðbeinendur Þorbjargar voru Sigríður Gunnarsdóttir, dósent við HÍ og framkvæmdastjóri hjúkrunar á LSH, og Helga Jónsdóttir, forseti Hjúkrunarfræðideildar HÍ. Auk þeirra sátu í doktorsnefnd Eiríkur Línal, sálfræðingur og sérfræðingur í klínískri sálfræði, Thor Aspelund, dósent við HÍ, og Harald Breivik, prófessor við Háskólann í Osló.

Andmælendur voru Tone Rustøen, prófessor við Háskólann í Osló, og Stefán Hrafn Jónsson, dósent við HÍ.

Fastir starfsmenn	Karlar	Konur	Alls
Prófessorar	20	5	25
Dósentar	11	16	27
Lektorar	10	24	34
Aðjúntar	8	16	24
Sérfræðingar	6	13	19
Skrifstofufólk	8	30	38
Aðrir	9	10	19
Samtals	72	114	186

Að auki eru 8 aðilar í ólaunuðum stöðum við HA, flestir prófessorar.

GÆÐAMÁL

Gæðaráð heldur fundi að jafnaði einu sinni í mánuði yfir vetrartímann og hélt alls ellefu fundi árið 2014. Sæti í ráðinu eiga rektor, forsetar fræðasviða, framkvæmdastjóri, gæðastjóri, forstöðumaður nemendaskrár, tveir fulltrúar starfsmanna háskólans og tveir frá nemendum. Rektor er formaður og ritari rektors ritari þess.

Meginhlutverk gæðaráðs er að bera ábyrgð á framkvæmd gæðakerfis háskólans og tryggja, að hann standist ávallt þær kröfur sem gerðar eru til gæða í starfi hans. Á árinu fjallaði gæðaráð um hefðbundin mál tengd námi og kennslu við skólann. Umbótastarf eftir gæðaúttekt í mars hófst þegar við upphaf haustmisseris. Framvinda þess er á dagskrá allra gæðaráðsfunda.

Á árinu sátu eftirtaldir fundi í gæðaráði: Stefán B. Sigurðsson rektor til loka júní, en þá tók Eyjólfur Guðmundsson rektor við. Árun Kr. Sigurðardóttir, forseti heilbrigðisvísindasviðs, og Hafdís Skúladóttir sem staðgengill hennar, Ögmundur Knútsson, forseti viðskipta- og raunvísindasviðs, og Hreiðar Þór Valtýsson sem staðgengill hans, Sigrún Stefánsdóttir, forseti hug- og félagsvísindasviðs, og Bragi Guðmundsson staðgengill hennar. Finnur Friðriksson sat sem fulltrúi akademískra starfsmanna, Ingibjörg Smáradóttir sem fulltrúi starfsmanna í stjórnsýslu/stoðþjónustu og Rúnar Gunnarsson sem varamaður hennar. Ólafur Halldórsson framkvæmdastjóri, Sigrún Magnúsdóttir gæðastjóri og Stefán Jóhannsson, forstöðumaður nemendaskrár, sátu fundi ráðsins. Aðalfulltrúar nemenda til vors 2014 voru Ólöf Heiða Óskarsdóttir og Katrín Þorbjörnsdóttir, en þá tóku Jóna Margrét Guðmundsdóttir og Friðrik Smáráson við. Jón Fannar Ólafsson var varamaður nemenda. Guðrún María Kristinsdóttir var ritari ráðsins.

Háskólinn á Akureyri hlaut góða einkunn í viðamikilli gæðaúttekt sem fram fór við háskólann í mars. Nefnd erlendra sérfræðinga, ásamt fulltrúa íslenskra stúdenta, heimsótti skólann og ræddi við nemendur, starfsmenn, stjórnendur, háskólaráð, brautskráða nemendur og fulltrúa atvinnulífsins á starfssvæði háskólans. Úttektin var á vegum Gæðaráðs háskóla sem starfar fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið. Hún var liður í samræmdu gæðastarfi íslenskra háskóla sem er umbótamiðað og með megináherslu á námsumhverfið og nemendur.

Fyrstu niðurstöður úr úttektinni komu strax að henni lokinni, en heildarskýrsla sérfræðinganevndarinnar hefur verið gefin út opinberlega og er aðgengileg á vef Rannís, sjá hér að neðan. Í skýrslunni segir að úttektarnefndin beri traust, *confidence*, til háskólans, bæði hvað varðar akademískt starf og námsumhverfi nemenda. Það er besta einkunn sem háskóli getur fengið við fyrstu úttekt samkvæmt núverandi kerfi. Jafnframt eru tíundud ýmis dæmi um góða starfshætti t.d. varðandi framboð í fjarkennslu, gæðastarf, húsnæði og námsumhverfi, markaðsstarf, bókasafnsþjónusta, öflun upplýsinga með könnunum, virkni nemenda í starfsemi háskólans og síðast en ekki síst fjármálastjórn.

Sérfræðinganevndin bendir einnig á ýmis atriði til umbóta, sem unnið verður að á næstu misserum. Helst er þar að nefna að gera verkefni og störf gæðaráðs HA sýnilegri innan háskólans, efla samstarf á milli fræðasviða og deilda, skoða formennsku æðstu nefnda háskólans í ljósi þess að forðast hagsmunaárekstra, og virkja fleiri stjórnendur til ábyrgðarstarfa. Einnig er bent á að gera þurfi framkvæmda- og fjárhagsáætlun til eflingar á fjarkennslu og skerpa á verkferlum við móttöku nýrra starfsmanna og starfsmannasamtöl. Niðurstöður gæðaúttektarinnar voru kynntar á fjölmennri ráðstefnu í HA föstudaginn 3. október 2014, en hana sátu fulltrúar allra háskóla landsins ásamt gæðaráði háskólanna. Ljóst má vera að starfsfólk og nemendur Háskólans á Akureyri eru stoltir yfir góðum árangri.

Auðlindadeild vann að sjálfsmati á árinu samkvæmt gæðahandbók Gæðaráðs háskólanna, *Quality Enhancement Handbook for Icelandic Higher Education*.

Úttektarskýrslan *Quality Enhancement Framework for Icelandic Higher Education – Institution Wide Review*, sjá vefslóðina:

<http://en.rannis.is/media/gaedarad-haskola/UNAK-report.pdf>



GÓÐVINIR HÁSKÓLANS Á AKUREYRI



Góðvinir eru samtök nemenda sem brautskráðir eru frá Háskólanum á Akureyri og annarra velunnara háskólans. Markmið samtakanna er að auka tengsl háskólans við fyrrum nemendur sína og styðja við uppbyggingu háskólans eftir fremsta megni, fjárhagslega og á annan hátt. Þetta gera Góðvinir m.a. með því að heiðra nemendur við brautskráningu, innheimta félagsgjöld og styðja við háskólann með gjöfum.

Það sem hæst bar í starfsemi félagsins á árinu 2014 voru styrkir Góðvina til uppbyggingar á starfsemi háskólans. Voru tvö verkefni styrkt. Annar styrkurinn rann til aðgengis- og margmiðlunarmiðstöðvar. Góðvinir lögðu fram fé fyrir hljóð- og myndbúnaði. Hinn styrkurinn var notaður til kaupa á tveimur spjaldtölvum fyrir hug- og félagsvísindasvið. Þær eru nýttar við kennaradeild og miðstöð skólaþróunar til kennslu og til að styðja við skólastarf í landinu.

Líkt og fyrri ár tóku Góðvinir þátt í að halda veislu eftir brautskráningu kandiðata í júní. Þátttakan var góð, sér í lagi meðal nýbrautskráðra stúdenta og gesta þeirra. Einnig voru 10 ára afmælisárgangar á staðnum.

Góðvinir heiðra árlega við brautskráningu einn nemanda frá hverju sviði. Verðlaunin eru gullnælur sem Kristín Petra Guðmundsdóttir gullsmiður hannar og smíðar sérstaklega fyrir Góðvini. Eftir tilnefningar frá fræðasviðum og markaðs- og kynningarstjóra vorið 2014 voru valdir eftirtaldir einstaklingar sem unnu óeigingjarnt starf í þágu háskólans á þeim tíma sem þeir voru við nám:


Heilbrigðisvísindasvið: Jóhanna Ósk Snædal.
Hug- og félagsvísindasvið: Hafdís Erna Ásbjarnardóttir.
Viðskipta- og raunvísindasvið: Leifur Guðni Grétarsson.

Aðalfundur fyrir árið 2013 var haldinn 26. júní 2014 og þá var kjörin ný stjórn fyrir Góðvini. Hana skipa:

Hafdís Erna Ásbjarnardóttir, formaður
Eyrún Elva Marinósdóttir, varaformaður
Njáll Trausti Friðbertsson, meðstjórnandi
Agnes Eyfjörð, gjaldkeri og fulltrúi HA
Þórhildur Edda Eiríksdóttir, fulltrúi FSHA

Kristín Ágústsdóttir, forstöðumaður markaðs- og kynningarsviðs HA, var starfsmaður Góðvina.

Fréttabréf Góðvina var sent út eftir brautskráningu og fyrir aðalfund. Þar er stiklað á stærstu viðburðum. Aðalfundur Góðvina var auglýstur eins og lög mæla fyrir um.



HEILBRIGÐISVÍSINDASVIÐ

Heilbrigðisvísindasvið skiptist í þrjár deildir: hjúkrunarfræðideild, iðjupjálfunarfræðideild og framhaldsnámsdeild. Innan heilbrigðisvísindasviðs er einnig Heilbrigðisvísindastofnun Háskólans á Akureyri – HHA sem starfar í tengslum við Sjúkrahúsið á Akureyri. Hlutverk heilbrigðisvísindasviðs er að bjóða upp á háskólanám og standa fyrir rannsóknum í heilbrigðisvísindum, svo sem hjúkrunarfræði og iðjupjálfunarfræði.

Vorið 2014 brautskráðust alls 85 nemendur frá heilbrigðisvísindasviði, þar af 48 með 240 eininga BS próf í hjúkrunarfræði og 17 með 240 eininga BS próf í iðjupjálfunarfræði. Úr framhaldsnámi í heilbrigðisvísindum brautskráðust átta með 120 eininga meistara-gráðu og 12 með 40 eininga diplómagráðu á meistara-stigi.

„Flestir framhaldsnemar velja sér almennt svið innan framhaldsnámsins og þróa þá sérsvið sitt sjálfir með aðstoð ráðgjafa út frá áhugasviði sínu. Í meistaranáminu er lögð áhersla á að nemar velji sér námskeið sem undirbyggja sem best meistara-verkefni þeirra. Leiðarljós í skipulagi meistaranámsins í heilbrigðisvísindum er þverfagleg áhersla á heilsu, virkni og vellíðan.“

Á haustmisseri 2014 var samtals 481 nemandi við nám á heilbrigðisvísindasviði. Nám í hjúkrunarfræði stunduðu 297 nemendur og í iðjupjálfunarfræðinámi voru 88 nemendur. Í framhaldsnámi í heilbrigðisvísindum voru 96 nemendur, 54 í meistaranámi og 42 í námi til diplómagráðu.

Fastir starfsmenn heilbrigðisvísindasviðs eru 35 í tæplega 23 stöðugildum, þar af eru fjórir ráðnir til HHA. Auk fastra starfsmanna koma tugir stundakennara að kennslu á fræðasviðinu.

Ágætt samstarf er við háskóla á Norðurlöndunum, í Bandaríkjunum, Kanada og víðar.

Stjórnskipulagi heilbrigðisvísindasviðs er lýst í reglum nr. 812/2013.

Rannsóknir

Rannsóknarstarfsemi er öflug á heilbrigðisvísindasviði og kennarar sviðsins eru í rannsóknarsamstarfi við erlenda og innlenda fræðimenn. Unnið var við skrif úr niðurstöðum úr alþjóðlega rannsóknarverkefni *Eflandi fræðsla til liðskipta-sjúklinga – mat og alþjóðlegur samanburður*, en þátttakendur í því eru frá sjö löndum í Evrópu. Áfram er unnið að rannsóknum meðal fólks með *lungnasjúkdóma* í samstarfi við Uppsalaháskóla. Þróun kenninga hefur verið nokkuð áberandi innan heilbrigðisvísindasviðs og má þar nefna *kenningu um faglega færni hjúkrunarfræðinga*. Rannsóknir er lúta að verkjum og langvinnum verkjum eru áberandi, og unnið er úr gögnum rannsóknarinnar *Langvinnir verkir, notkun á heilbrigðisþjónustu og heilsutengd lífsgæði*. Rannsóknir um *sálræn áföll og ofbeldi* og um *sálræna líðan barnshafandi kvenna* eru í gangi og rannsóknir sem tengjast *krabbameini og lífslokameðferð*, auk rannsókna um *upplifun fólks af bráðaþjónustu á gæðdeildum, endurhæfingaráttum og starfsendurhæfingu fullorðinna*. Rannsóknir á því hvernig heilbrigðisstarfsfólk og hjartasjúklingar *álíta að fræðsla eigi að vera, fyrir þá sem nýlega hafa fengið hjartaáfall*, hófust á árinu, sem og rannsókn um *skjólstæðingsmiðaða endurhæfingu*. Unnið er að rannsóknum á *starfslokum sjómanna, notkun persónu-miðaðs sjálfsmats í endurhæfingu* og á *upplifun kvenna af sársauka og meðferð við sársauka í fæðingu*, sem og á *væntingum og viðhorfum barnshafandi kvenna til sársauka og meðferðar við sársauka*. Rannsóknir um *mat á faglegri færni hjúkrunarfræðinema og nýliða í hjúkrun* eru í gangi sem og þýðingar og stöðlun/aðlögun matstækja að íslenskum veruleika tengdum fræðum sviðsins. Rannsóknarverkefni í tengslum við *mannlíf á norðanverðum Tröllaskaga og á heilbrigðismálum Fjallabyggðar* heldur áfram en verkefnið tengist Héðinsfjarðargöngum. Þar eru könnuð viðhorf og reynsla íbúa af heilbrigðisþjónustu í sínum byggðarlögum fyrir og eftir opnun ganganna. Þá ber að nefna *langtímarannsókn á aðstæðum og viðhorfum nemenda með hreyfihömlun og rannsóknir á þjónustu við fötlud börn og fjölskyldur þeirra* í samvinnu við Akureyrarbæ, Æfingastöðina og sjálfstæða heilbrigðisstofnun á Reykjavíkursvæðinu, sem og rannsóknir á *lífsgæðum barna og unglinga*.



HEILBRIGÐISVÍSINDASVIÐ

Kennarar fræðasviðsins tóku virkan þátt í vísindaráðstefnum heima og erlendis, m.a. alþjóðlegri ráðstefnu ljósmæðra, og einn prófessor deildarinnar tók þátt í sumarskóla í Slóveníu.

Málþing og ráðstefnur

Nokkur málþing og ráðstefnur voru haldnar á vegum fræðasviðsins á árinu 2014. *Eigindlegt samræðubing*, eða málþing um eigindlegar rannsóknir, var haldið í apríl. Í maí hélt sviðið vel sótt málþing um *tækifæri og áskoranir efri árunna* í samstarfi við Félag eldri borgara á Akureyri.

Málstofur heilbrigðisvísindasviðs hafa verið haldnar einu sinni í mánuði allt skólaárið og hefur aðsókn verið góð.

HJÚKRUNARFRÆÐI

Nám í hjúkrunarfræði er 240 ECTS einingar, tekur fjögur ár og lýkur með BS gráðu. Markmið námsins er að búa nemendur undir að gegna almennum hjúkrunarstörfum svo og stjórnunar- og fræðslustörfum á flestum sviðum heilbrigðisþjónustu.

Námið skiptist í raunvísindi, hug- og félagsvísindagreinar og hjúkrunarfræðigreinar. Námið tekur mið af þörfum íslenska heilbrigðiskerfisins jafnframt því að mæta alþjóðlegum staðli.

Beita þurfti fjöldatakmörkunum í hjúkrunarfræði haustið 2014 en 145 nemendur hófu þá nám. Fimmtíu nemendur mega halda áfram námi á vormisseri fyrsta árs. Klínískt nám hefst strax á fyrsta námsári. Fer það fram víða um land og tekur samtals 24 vikur.

Hjúkrunarfræðideild hefur sett fram stefnu um að með hverjum árgangi í staðarnámi í hjúkrunarfræði fylgi hópur fjarnemenda. Miðað er við að a.m.k. tíu nemendur hefji fjarnámið hverju sinni. Haustið 2014 var hópur fjarnemenda á fjórða ári á Selfossi og hópur á þriðja ári stundaði nám í Reykjanesbæ. Hópur á öðru ári var á Selfossi, á Austfjörðum og á Ísafirði, og hópur fyrsta árs nemenda var í Hafnarfirði, á Ísafirði og á Sauðárkróki.

Á árinu 2014 fóru þrjú nemendur HA í hjúkrunarfræði í skiptinám erlendis í klínískum hluta námsins. Tólf erlendir nemendur komu til Íslands til að taka klínískt nám á vegum hjúkrunarfræðideildar HA.

IÐJUBJÁLFUNARFRÆÐI

Nám í iðjubjálfunarfræði er 240 ECTS einingar, tekur fjögur ár og lýkur með BS gráðu. Markmið námsins er að búa nemendur undir að gegna margvíslegum störfum er tengjast iðjubjálfun á sviði heilbrigðis- og félagsþjónustu auk þess að veita góða undirstöðu í skipulagningu og stjórnun þjónustu.

Námið skiptist í raunvísindi, hug- og félagsvísindagreinar, heilbrigðisvísindi og iðjuvísindi. Námið tekur mið af þörfum íslensks samfélags jafnframt því að mæta alþjóðlegum staðli. Lögð er áhersla á að nemendur séu virkir þátttakendur í faglegri þróun og samstarfi bæði hér á landi og á alþjóðlegum vettvangi. Vettvangsnám í iðjubjálfun er 25 vikur og hefst í lok annars námsárs. Það fer fram undir handleiðslu iðjubjálfa víða um land.

Eingöngu er hægt að nema iðjubjálfunarfræði hér á landi við Háskólann á Akureyri, sem staðarnám frá 1997 og haustið 2008 bættist fjarnám við. Fjarnemar stunda nám í sinni heimabyggð og dreifast því um allt land en koma í námslotur til Akureyrar á hverju misseri. Fjarkennsluhættir eru í stöðugri þróun í samvinnu kennara, nemenda og tæknifólks HA. Stærsti hluti kennslunnar fer fram yfir internetið.

Á árinu 2014 fóru fjórir nemendur í iðjubjálfunarfræði í skiptinám erlendis, tveir sóttu viku námskeið á vegum Nordplus og tveir fóru í vettvangsnám á erlendri grundu. Fjórir erlendir nemendur komu í vettvangsnám á Íslandi á vegum iðjubjálfunarfræðideildar HA.

FRAMHALDSNÁM Í HEILBRIGÐISVÍSINDUM

Haustið 2003 hófst 120 ECTS eininga meistaranám í heilbrigðisvísindum við heilbrigðisvísindasvið. Námið byggir á þverfaglegum grunni. Það er byggt upp af 60 einingum í námskeiðum og meistaritgerð sem er 60 einingar að jafnaði. Þrjú námskeið, samtals 30 einingar, eru skyldunámskeið en hinar 30 einingarnar eru valnámskeið, þar af skal nemandi að öllu jöfnu taka tvö námskeið innan heilbrigðisvísindasviðs. Námið veitir prófgráðuna MS í heilbrigðisvísindum. Einnig er hægt að ljúka diplómagráðu í heilbrigðisvísindum sem nú er 45 einingar sem veita Dipl S í heilbrigðisvísindum.



Flestir framhaldsnemar velja sér almennt svið innan framhaldsnámsins og þróa þá sérsvið sitt sjálfir með aðstoð ráðgjafa út frá áhugasviði sínu. Í meistaranáminu er lögð áhersla á að nemar velji sér námskeið sem undirbyggja sem best meistara verkefni þeirra. Leiðarljós í skipulagi meistaranámsins í heilbrigðisvísindum er þverfagleg áhersla á heilsu, virkni og vellíðan. Þetta leiðarstef hefur gefið tilefni til áhugaverðra rannsóknarverkefna í tengslum við meistaranámið. Sérsvið sem voru í boði á árinu 2014 voru: 1. *Almenn námslína*, 2. *Öldrun og heilbrigði*, 3. *Stjórnun innan heilbrigðisþjónustunnar*, 4. *Langvinn veikindi*, 5. *Krabbamein og líknamæðferð*, 6. *Sálræn áföll, ofbeldi og áfallastreita* og 7. *Fötlu og endurhæfing* (í samvinnu við HÍ). Unnið var að stofnun fleiri námsleiða og má þar nefna námsleiðir um a) *starfsendurhæfingu* sem er samvinnuverkefni HA og Félagsráðgjafadeildar HÍ, unnið með styrk frá Samstarfi opinberu háskólanna, b) *geðheilbrigðisfræði* og c) um *heilsugæslu og heilsuefningu*.

HEILBRIGÐISVÍSINDASTOFNUN HÁSKÓLANS Á AKUREYRI – HHA

Hlutverk Heilbrigðisvísindastofnunar HA – HHA er að vera sameiginlegur vettvangur starfsmanna Sjúkrahússins á Akureyri og HA til eflingar kennslu, þjálfunar og rannsókna í heilbrigðisvísindum, miðlunar þekkingar og kynningar á rannsóknum starfsmanna. Á árinu störfuðu fjórir starfsmenn við stofnunina, allir í hlutastörfum. Auk stöðu forstöðumans er ein staða prófessors og ein staða dósent og tvær stöður lektora. Starfsmenn komu að kennslu við heilbrigðisvísindasvið.

Megináhersla var lögð á að gera rannsóknir starfsmanna sýnilegar og aðgengilegar, auk þess að efla rannsóknarvirkni starfsmanna Sjúkrahússins á Akureyri og tengja verkefni nemenda HA við þarfir sjúkrahússins. Í september var haldinn vísindadagur í samstarfi við Sjúkrahúsið á Akureyri, þar sem starfsmenn kynntu rannsóknir sínar.



HUG- OG FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

Hug- og félagsvísindasvið skiptist í félagsvísindadeild, kennaradeild, lagadeild og miðstöð skólaþróunar við Háskólann á Akureyri – MSHA, en hún starfar í gagnvirkum tengslum við kennaradeild. Hlutverk hug- og félagsvísindasviðs er að bjóða upp á háskólanám og standa fyrir rannsóknum í hug- og félagsvísindum, þar með talið félagsvísindum, lögfræði og menntavísindum.

Vorið 2014 brautskráðust 168 nemendur af hug- og félagsvísindasviði. Frá félagsvísindadeild brautskráðist 51 kandídat, þar af voru sex með BA próf í félagsvísindum, sjö með BA próf í fjölmiðlafræði, sex í nútímafræði, 31 í sálfræði og einn í þjóðfélagsfræði. Frá kennaradeild brautskráðist 91 kandídat,

til kennsluréttinda, 91 í MEd námi samkvæmt námsskipulagi fimm ára kennaranáms og 94 í öðru diplóma- og meistaranámi. Í lagadeild var 71 nemandi, þar af 49 í BA námi í lögfræði, 20 í ML námi og tveir í námi í heimskautarétti.

Fastir starfsmenn hug- og félagsvísindasviðs voru 54 haustið 2014. Auk fastra starfsmanna kom að starfi sviðsins fjöldi stundakennara að viðbættum kennurum á öllum skólastigum víðs vegar um land sem tóku að sér að veita nemendum leiðsögn í vettvangsnámi og æfingakennslu.

Fjölbreyttar rannsóknir voru stundaðar á hug- og félagsvísindasviði og átta kennarar og sérfræðingar í samstarfi við fjölmarga aðila innanlands og erlendis. Rannsóknir kennara og sérfræðinga birtust í íslenskum og alþjóðlegum ritrýndum vísindatímaritum, bókum og bókarköflum, auk ótal fyrirlestra og erinda á ráðstefnum, námsstefnum og námskeiðum innanlands sem utan. Helstu rannsóknarsvið hveirar deildar eru tíunduð í umfjöllun um hverja þeirra hér á eftir.

Hug- og félagsvísindasvið tók sem fyrr á móti stórum hluta þeirra erlendu skiptinema sem stunduðu nám við Háskólann á Akureyri á árinu, enda kennt á ensku í allmörgum námskeiðum í félagsvísindadeild og lagadeild, þar með talið heilli námsbraut í heimskautarétti, auk þess sem á sviðinu voru vistuð sérnámskeið fyrir erlenda skiptinema. Einnig voru nemendur úr öllum deildum sviðsins skiptinemar við erlenda háskóla og Háskóla Íslands.

„Meira en tvöfalt fleiri nemendur hófu nám haustið 2014 en á sama tíma árið áður. Ein ástæða þess var nýtt námsframboð við deildina, tveggja ára diplóma í leikskólafræði. Ákveðið var að bjóða það nám til að mæta lítilli aðsókn í leikskólakennaranám og er námsleiðin skipulögð þannig að auðvelt er að halda áfram að loknum tveimur árum, fullnusta BEd og síðan MEd próf, og öðlast kennararéttindi.“

þar af 31 í kennarafræði, einn með kennslufræði til kennsluréttinda, sjö með diplómu í menntunarfræðum, þrjár með diplómu í menntavísindum, þrjár með meistaraþróf í kennarafræði, 40 með meistaraþróf í menntunarfræðum og sex með MA próf í menntavísindum. Frá lagadeild voru brautskráðir 25 kandiatar, þar af átta með BA próf í lögfræði, 12 með ML gráðu í lögfræði og fimm með MA próf í heimskautarétti.

Á haustmisseri 2014 var 771 nemandi skráður til náms á hug- og félagsvísindasviði. Í félagsvísindadeild voru skráðir 429 nemendur, þar af 39 í félagsvísindum, 77 í fjölmiðlafræði, 39 í nútímafræði, einn í samfélags- og hagþróunarfræði, 264 í sálfræði og níu í rannsóknartengdu meistaranámi í félagsvísindum. Í kennaradeild var 271 nemandi, þar af 74 í BEd námi, tíu í nýju diplómanámi í leikskólafræðum, tveir í kennslufræði

FÉLAGSVÍSINDAEILD

Nemendum í félagsvísindadeild fjölgaði enn á árinu 2014 og er deildin sem fyrr fjölmennasta deild Háskólans á Akureyri. Sálfræði er það nám sem laðar til sín flesta nýnema. Skipulagi deildarinnar var breytt árið 2013 með hliðsjón af auknum nemendafjölda. Þar munar mest um nýjar stöður brautarstjóra, annars vegar í sálfræði og hins vegar í fjölmiðlafræði, félagsvísindum og nútímafræði. Áfram hefur verið unnið að þróun námskeiða í deildinni með það að markmiði að þjóna sem best hinum fjölbreytta nemendahópi, og þá ekki síst hinum fjölmenna hópi fjarnema. Þar hefur sjálfsmatsvinna, sem ráðist var í á árinu 2013, reynst góður grunnur, en matsferlið leiddi ekki aðeins í ljós atriði sem þörfuðust úrbóta, heldur einnig marga jákvæða þætti.



HUG- OG FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

Eins og áður er í félagsvísindadeild boðið upp á þriggja ára BA nám í fjölmiðlafræði, nútímafræði, sálfræði og í félagsvísindum. Námið felur í sér fjölbjódlegar tengingar og almennt er lögð áhersla á verkefnavinnu í námi nemenda. Eins og áður var í boði rannsóknartengt meistaranám þar sem nemendur gátu tekið MA gráðu, sem tengdist sérsviði tiltekins kennara deildarinnar, samkvæmt sérstöku skipulagi. Þetta nám hefur notið vaxandi vinsælda og sýnir mikilvægi þess að í boði sé framhaldsnámi á þessu sviði.

Á árinu 2014 var áfram unnið að þróun nýrra námsleiða. Var þar annars vegar um að ræða meistaranám í fjölmiðla- og boðskiptafræði, í samvinnu við Háskóla Íslands, og hins vegar diplómanám í siðfræði og gagnrýnni hugsun, einnig í samvinnu við HÍ.

Ráðstefnur og opnir fyrirlestrar um félagsvísindaleg og hugvísindaleg efni eru fastur þáttur í starfi félagsvísindadeildar. Félagsvísindadeild og einstakir kennarar tóku virkan þátt í slíkum viðburðum á árinu, sem fyrirlesarar á viðburðum við Háskólann á Akureyri og annars staðar. Kennarar á félagsvísindasviði hafa verið mjög virkir í rannsóknum undanfarin ár, þrátt fyrir fjölgun nemenda. Rannsóknarsvið kennara í félagsvísindadeild spanna allar kennslugreinar deildarinnar. Það hefur í vaxandi mæli falið í sér samstarf við erlenda fræðimenn og rannsóknarstofnanir.

Fjölmiðlafræði

Fjölmiðlafræði skoðar gangvirki fjölmiðlanna og stöðu þeirra og áhrif í samfélaginu. Háskólinn á Akureyri er eini háskólinn á Íslandi sem býður nám í fjölmiðlafræði til BA prófs. Fjölmiðlafræðinámið tekur mið af þeirri þróun sem hefur orðið á þessu sviði í helstu háskólum á Vesturlöndum, þar sem reynt er að samþætta faglega þekkingu, sem kennd hefur verið í svonefndum blaðamannaskólum, og fræðilega þekkingu og aðferðafræði, sem kennd hefur verið í hefðbundnu háskólanámi. Slík samtönnun er talin eftirsóknarverð í námi af þessu tagi og til þess ætluð að gera nemendur hæfari til að takast á við samfélagsbreytingar sem fylgja upplýsingatæknibyltingunni og síhækkandi almennu menntunarstigi. Nemendur taka þátt í gerð ýmiss konar fjölmiðlaefnis í prent- og ljósvakamiðlum og áberandi er hve margir útskriftarnemar hafa fengið störf á fjölmiðlum eða í fjölmiðlatengdum störfum.

Nútímafræði

Nútímafræði er þverfagleg grein á sviði hugvísinda og er Háskólinn á Akureyri eini íslenski háskólinn sem býður nám í þessari grein. Námið er þverfaglegt vegna þess að fjallað er um nútímann, þ.e. lífshætti og viðhorf síðustu tveggja alda, frá mörgum hliðum, svo sem frá sjónarhóli heimspeki, sagnfræði, bókmenntafræði og ýmissa greina félagsvísinda. Nútímafræði er heppilegur kostur fyrir þá sem vilja afla sér víðtækrar menntunar í hugvísindum og er þannig góður undirbúningur fyrir framhaldsnám í ýmsum greinum hug- og félagsvísinda.

Sálfræði

Sálfræði leitast við að skilja og útskýra mannlega hegðun, hugsun og tilfinningar. Sálfræðinámið við Háskólann á Akureyri er fjölbreytt og veitir grunnþekkingu á sálfræði sem fræðigreini. Í náminu er meðal annars lögð áhersla á að veita almenna þekkingu á mismunandi sviðum fræðigreinarinnar, bæði hvað varðar kenningar og rannsóknaraðferðir. BA próf í sálfræði veitir því ekki sérhæfingu á ákveðnu sviði innan sálfræðinnar, heldur fá nemendur gott tækifæri til að kynna sér hin margvíslegu svið hennar. Það auðveldar þeim val á áhugasviði sem þeir geta síðan lagt stund á í framhaldsnámi.

Félagsvísindi

BA nám í félagsvísindum byggir á kenningalegum og aðferðafræðilegum grunni félagsvísinda. Námið byggir einkum á félagsfræði, mannfræði og stjórnmálafræði og veitir nemendum grunn í kenningum og aðferðafræði þeirra fræðigreina. Nemendur öðlast innsýn í eðli mannlegs samfélags og hreyfilög-mál félagsgerðar, menningar, stjórnmála og efnahagslífs. Námið veitir umtalsverða þjálfun í aðferðafræði félagsvísinda, skipulagningu rannsóknarverkefna og framsetningu á niðurstöðum fyrir almenning og fræðimenn. Námið er sambærilegt við BA nám í einstökum undirgreinum félagsvísindanna við aðra innlenda og erlenda háskóla. Að námi loknu hafa nemendur traustan grunn til framhaldsnáms og margvíslegra starfa á innlendum og alþjóðlegum vettvangi. BA nám í félagsvísindum er hægt að stunda með eftirtöldum áherslugreinum: a) *Almenn félagsvísindi með valnámskeiðum að eigin vali*. b) *Byggðafræði* með áherslu á byggðaþróun á Íslandi, fólksflutninga innan lands og utan, áhrif samgöngubóta á afskekkt samfélög, nýsköpun og atvinnuuppbyggingu á landsbyggðinni, stjórnmál, stjórnsýsla og stefnumótun í



byggðamálum. c) *Ferðamálafræði* með áherslu á samfélagsrýni og skilning á samtímamenningu í samhengi við markaðssetningu og stjórnun í ferðabjónustu í dreifðum byggðum Íslands og sambærilegum jaðarsvæðum við Norður-Atlantshaf. d) *Kynjafræði* með áherslu á kynjun og kyngervi, stöðu kynjanna í dreifbýli og þéttbýli, breytingar á jafnréttisviðhorfum og verkaskiptingu á heimilum, fjölskyldugerðir og líðan barna, kynhegðun unglunga og stöðu samkynhneigðra í samfélaginu. e) *Norðurslóðafræði* með áherslu á félagslega, hagræna, menningarlega og pólitíska þætti þróunar á norðurslóðum í samhengi við hnattvæðingu, umhverfisbreytingar, auðlindanýtingu, atvinnu- og byggðamál, mannauð og sjálfbærni. f) *Æskulýðsfræði* með áherslu á unglíngamenningu, áhættuhegðun, kynheilbrigði, íþróttar- og tómstundastarf, framtíðaráform og tengsl milli kynslóða í samhengi við sérstöðu Íslands og almenna þjóðfélagsþróun á Vesturlöndum.

KENNADEILD

Aðsókn að grunnnámi í kennaradeild var góð. Meira en tvöfalt fleiri nemendur hófu nám haustið 2014 en á sama tíma árið áður. Ein ástæða þess var nýtt námsframboð við deildina, tveggja ára diplóma í leikskólafræði. Ákveðið var að bjóða það nám til að mæta lítilli aðsókn í leikskólakennaranám og er námsleiðin skipulögð þannig að auðvelt er að halda áfram að loknum tveimur árum, fullnusta BEd og síðan MEd próf, og öðlast kennararéttindi. Áfram var unnið að skipulagi íþróttufræðináms við deildina.

Á vordögum var skipulögð sérstök aðgerð í kjölfar sameiginlegs átaks HA, HÍ, stéttarfélaga kennara o.fl. aðila til þess að fjölga leikskólakennaranemum. Aðgerðin fólst í úthringiátaki. Starfsmenn kennaradeildar hringdu í stjórnendur leikskóla landsins, ræddu um námið sem hér býðst og óskuðu eftir að það yrði kynnt starfsmönnum. Undirtektir voru hvarvetna góðar. Ef til vill hefur verkefnið orðið einhverjum réttindalausum starfsmönnum leikskóla hvatning til náms.

Kennaradeild fékk, fyrir hönd háskólans, nýtt verkefni frá mennta- og menningarmálaráðuneyti með bréfi í september 2013. Í því felst að gefa hér eftir út leyfisbréf fyrir leik- og grunnskólakennara við brautskráningu kennaraefna. Fyrstu bréf þessarar gerðar voru afhent kandiðótum á háskólahátíð í júní 2014. Með þessu er fengin mikilsverð viðurkenning á starfi þeirra háskóla og háskóladeilda sem skipuleggja nám til

kennararéttinda. Því fer fjarri að útgáfa leyfisbréfa verði vélrænt ferli. Ástæðan er sú að nú er viðurkennt faglegt sjálf-dæmi háskólans til þess að skipuleggja inntak námsins á grunni laga og reglugerða. Jafnframt að skilgreina hvaða sér-nám kennaranema unnt er að viðurkenna sem grunn að námsgrein eða námssviði til kennslu í leik- og grunnskólum. Þess má vænta að háskólar fái einnig það verkefni að gefa út leyfisbréf framhaldsskólakennara.

Verkefnisstjóri kom til starfa við kennaradeild árið 2013 til tímabundinna verka á vegum samstarfs opinberu háskólanna. Meginviðfangsefnið var að auka samstarf hug- og félagsvísindasviðs HA og menntavísindasviðs HÍ, einkum á sviði kennaramenntunar. Skemmst er frá því að segja að verkefnið tókst með ágætum. Haldnir voru tveir sameiginlegir starfsdagur hug- og félagsvísindasviðs (aðallega með þátttöku kennaradeildar) og menntavísindasviðs. Hinn fyrri var á Akureyri þann 4. apríl og sá síðari í Reykjavík 2. október í tengslum við Menntakviku. Dagarnir heppnuðust með miklum ágætum. Voru þeir sambland af sameiginlegum fyrirlestrum, hópavinnu um fyrirfram skilgreind efni og frjálsum umræðum. Óhætt er að fullyrða að dagar sem slíkir eru mikilvægir til að styrkja tengsl sem fyrir eru og mynda ný. Óvíst er þó um framhaldið því fjármunir hafa ekki fengist til áframhaldandi samstarfs.

Á vettvangi stjórnsýslu er kennaradeild virkur þátttakandi í samstarfsnefnd um kennaramenntun sem mennta- og menningarmálaráðuneytið heldur utan um og HA, HÍ (menntavísindasvið) og Listaháskóli Íslands eru aðilar að. Það er mikilvægur vettvangur fyrir umræðu um sameiginleg hagsmunamál og margvísleg önnur viðfangsefni.

Starfsmenn kennaradeildar áttu í samstarfi um rannsóknir, og ýmsa aðra þætti sem starfseminar varða, við fjölmarga aðila bæði hérlendis og erlendis. Niðurstöður rannsókna birtust í íslenskum og alþjóðlegum ritrýndum vísindatímaritum, bókum, bókarköflum og skýrslum. Þá héldu starfsmenn marga fyrirlestra og erindi á ráðstefnum, námstefnum og námskeiðum innanlands sem utan. Viðfangsefnið spanna vítt svið menntunar- og kennarafræða og tengjast skólastarfi á margbreytilegan hátt. Nefna má skólaþróun og mat á skólastarfi, heimspæki menntunar, sérkennslufræði, lestrarfræði, skólastjórnun, sagnfræði, íslensk fræði, náttúruvísindi, uppeldis- og kennslufræði, jafnrétti, sálfræði og upplýsingatækni.

HUG- OG FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

Kennarabraut

Í júní 2014 brautskráðist fyrsti hópur nemenda úr samfelldu fimm ára kennaranámi með MEd gráðu. Í kjölfar þess hófst vinna innan deildarinnar við að meta og endurskoða, eftir þörfum, fyrirkomulag námsins.

Kennaranemar eru bæði í staðarnámi og fjarnámi, auk þess sem þeir koma í staðarlotur til Akureyrar. Lögð er áhersla á tengingu við væntanlegan starfsvettvang kennaranema, ekki síst með heillar annar samfelldu vettvangsnámi og æfingakennslu á fimm ára ári. Nokkrir nemendur á kennarabraut taka hluta af námi sínu við aðra háskóla, innanlands og utan.

Menntavísindabraut

Á menntavísindabraut fer fram nám sem ætlað er kennurum og öðrum þeim sem vilja efla starfshæfni sína og sérþekkingu á sviði menntavísinda. Námið er sniðið fyrir þá sem þegar hafa öðlast leyfisbréf til kennslu og vilja dýpka þekkingu sína og efla sig sem kennara eða stunda rannsóknir og fræði á þekkingarsviðinu. Á árinu 2014 voru í boði eftirtalin áherslusvið: *almennt svið, lestrarfræði, námskrá og starfsþróun, opinber stefnumótun, menntastefna og þróun skóla, sérkennslufræði og stjórnun og forysta.*

Kennsla á menntavísindabraut fer fram í staðbundnum lotum þar sem nemendur koma og eru í skólanum nokkra daga í senn, þrisvar til fjórum sinnum á misseri.

LAGAÐEILD

Í lagadeild er boðið upp á þriggja ára BA nám í lögfræði, tveggja ára ML nám í lögfræði og alþjóðlegt meistaranám í heimskautarétti sem leiðir til LLM gráðu, MA gráðu eða diplómu. Nám í heimskautarétti fer alfarið fram á ensku en auk þess er BA námið alþjóðlegt að hluta og kennt bæði á íslensku og ensku.

Lögfræði til BA prófs

Meginmarkmið námsins er, að nemendur öðlist þekkingu á undirstöðum lögfræðinnar með áherslu á lagaframkvæmd á Íslandi, í Evrópu og í alþjóðlegu samhengi. Nemendur læra að fjalla með gagnrýnum hætti um lög, lögfræði og tengd efni. Nám í lögfræði til BA prófs er um margt með öðru sniði en

tíðkast við aðra íslenska háskóla. Um er að ræða fjölbreytt fræðilegt nám, þar sem lög og réttur eru skoðuð í sögulegu, félagslegu og heimspekilegu samhengi. BA námið nýtist vel sem fræðileg undirstaða fyrir nám til embættisprófs í lögfræði. Námið er einnig áhugaverður kostur í hug- og félagsvísindanámi fyrir þá sem ekki stefna að hefðbundnum lögfræðistörfum en hyggja á önnur störf eða nám þar sem grunnur í lögfræði nýtist, til dæmis alþjóðasamskipti, alþjóðastjórnsmál og skyldar greinar.

Lögfræði til ML prófs

Nám í lögfræði til ML prófs er tveggja ára nám á meistarastigi. Sú prófgráða, í framhaldi af þriggja ára BA prófi í lögfræði, jafngildir hefðbundnu fimm ára embættisprófi í lögfræði (cand.jur.). Áherslan í náminu er á hagnýta íslenska lögfræði, jafnt á sviði allsherjarréttar sem einkaréttar. Þannig verða nemendur vel í stakk búnir til að takast á við hefðbundin störf lögfræðinga.

Nám í heimskautarétti

Nám í heimskautarétti til LLM gráðu er eins og hálfis árs nám á meistarastigi fyrir nemendur sem þegar hafa lokið minnst þriggja ára laganámi. Nám í heimskautarétti til MA gráðu er tveggja ára nám á meistarastigi fyrir nemendur með margs konar próf á grunnstigi háskólanáms. Nemendur ljúka 30 eða 60 ECTS lögfræðilegri ritgerð, sem gefur þeim tækifæri til að takast á við veigamikil þverfagleg rannsóknarverkefni, með megináherslu á fræðasvið heimskautaréttarins. Í náminu er lögð áhersla á þau svið alþjóðalaga og landsréttar sem tengjast heimskautasvæðunum. Tekið er á viðfangsefnum umhverfislaga og fjölbreytni lífríkisins, mannréttindum, hafrétti og lögum um sjálfbæra þróun og auðlindir. Fjallað er um álitamál er varða fullveldi, deilur um markalínur á landi og sjó, réttindi frumbyggja í norðri, sjálfstjórn og stjórnfestu svo og landa- og auðlindakröfur á heimskautasvæðunum. Nám í heimskautarétti undirbýr nemendur fyrir störf hjá hinu opinbera sem og einkafyrirtækjum, hjá alþjóðasamtökum, frjálsnum félagasamtökum, hjá frumbyggjahljóðum á norðurskautsvæðum, og í háskólum og rannsóknarstofnunum um allan heim. Námið er einnig góður undirbúningur fyrir doktorsnám eða frekari rannsóknir á mállefnum heimskautanna.



Alþjóðleg tengsl

Háskólinn á Akureyri skrifaði undir samning við fjóra aðra háskóla um samkennt meistaranám í *West Nordic Studies*: <http://westnordicstudies.net/> Frá og með hausti 2015 verður MA nám í heimskautarétti kennt innan þessa samstarfs. Nemendur frá öllum háskólunum taka inngangsnámskeið á Akureyri í ágúst 2015. Háskólarnir eru: Háskólinn Færeyjum, Háskóli Grænlands, Háskóli Íslands og Nordland – háskólinn í Noregi.

Sjálfsmat

Á haustmisseri 2014 hófst sjálfsmatsferli lagadeildar í samræmi við *Standards and Guidelines for Quality Assurance in the European Higher Education Area*. Sjálfsmatinu mun ljúka á vormisseri 2015.

Rannsóknir

Útgáfa, ráðstefnur og opnir fyrirlestrar um lögfræðileg efni eru fastur þáttur í starfi lagadeildar. Lagadeild skipulagði þrjár ráðstefnur um heimskautarétt á *Arctic Circle* ráðstefnunni 2014, undir heitunum *Arctic Shipping*, *Offshore Seabed Resources* og *Arctic Governance*. Samvinna var við Háskólann í Tasmaníu um sjöundu *Polar Law Symposium* ráðstefnuna þar. Akademískir starfsmenn lagadeildar fluttu þar erindi, sem og á ráðstefnum og málstofum á Íslandi, í Ungverjalandi, Noregi og Danmörku.

Ýmsir fræðimenn og starfandi lögfræðingar héldu reglulega erindi á lögfræðitorgi í HA. Kennarar deildarinnar birtu fjölmargar greinar og ritdóma í bókum og ritrýndum tímaritum, bæði íslenskum og erlendum. Út kom bók eftir kennara deildarinnar, *Offshore Oil and Gas Development in the Arctic Ocean under International Law: Risk and Responsibility*. Sami kennari er meðhöfundur 1. skýrslu um áreiðanleikakönnun í þjóðarétti (*1st Report on Due Diligence in International Law*) frá International Law Society.





MIÐSTÖÐ SKÓLAÞRÓUNAR



Miðstöð skólalárunar er starfrækt innan hug- og félagsvísindasviðs Háskólans á Akureyri. Markmið hennar er að stuðla að umbótum í almennu skólalárunar leik-, grunn- og framhaldsskóla og að vera farvegur þekkingar og þróunar út í hið daglega skólalárunar.

Meginviðfangsefni miðstöðvarinnar lúta að ráðgjöf og fræðslu við hvers kyns nýjungar á sviði skóla- og kennslumála til starfandi kennara og skólalárunara, auk þess að efla gott starf sem þegar er fyrir hendi. Innan miðstöðvarinnar hefur byggst upp margvísleg þekking, til dæmis um námskráfræði, stjórnun og forystu, samskipti heimilis og skóla, læsi, lestrar- og ritunarkennslu, stærðfræðikennslu yngri barna, einstaklingsmiðaða kennsluhætti, teymiskennslu og fjölbreytta starfshætti í skólum, námsmat, fagmennsku kennara, starfendarannsóknir og sjálfsmat, bekkjarstjórnun og einelti. Undanfarin ár hefur í starfi miðstöðvarinnar þróast sérþekking á einelti stúlkna.

Í starfi miðstöðvar skólalárunar er lögð áhersla á fræðslu, samræðu, samvinnu og iðrunun. Unnið er eftir framkvæmda- og þróunaráætlanum, þar sem gert er ráð fyrir eftirfylgd verkefna og mati á starfinu. Verkefni eru yfirleitt til lengri tíma, eins eða tveggja vetra. Þau miðast við starfsmannahópa með það að markmiði að efla starfsemi skólanna í heild sinni, og stuðla að viðvarandi breytingum og þróun. Höfðað er til skuldbindinga þátttakenda um eigin starfsþróun til að bæta skólalárunar og auka nám nemenda.

Miðstöð skólalárunar hefur með höndum sérfræðiþjónustu við leik- og grunnskóla á Akureyri skv. samningi þar um milli Akureyrarbæjar og Háskólans á Akureyri. Að auki vinnur miðstöð skólalárunar að umbótastarfi með skólafólki víða um land.

Í apríl ár hvert stendur miðstöð skólalárunar fyrir ráðstefnu um skólalárunar og koma fyrirlesarar, sem gert hafa sig gildandi á fræðasviðinu, víða að. Annað hvert ár heldur miðstöðin einnig haustráðstefnu auk þess sem hún hefur, í samstarfi við bókasafn HA og Amtsbókasafnið á Akureyri, staðið fyrir ýmiss konar viðburðum í tengslum við Dag læsis 8. september.

Helstu verkefni sem miðstöð skólalárunar vann að árið 2014 voru:

- **Starfsþróun um læsismenntun:**
Byrjendalæsi
Orð af orði
Læsi til náms – nær til allra þátta læsis fyrir nemendur frá 3. bekk og upp úr
Leikur og læsi, þróunarstarf í leikskóla
Fágæti og furðuverk
- **Byrjendastærðfræði**
- **Foreldrasamstarf og eineltismál**
- **Þróunarvinna um einelti stúlkna**
- **Innleiðing aðalnámskrár og skólanámskráargerð í leik- og grunnskóla**
- **Leiðsagnarmat í skólum**
- **Mat á skólalárunar**
- **Hugleikur – samræða til náms (undirbúningur)**
- **Námskeið og fræðslufundir fyrir skólalárunara og kennara**
- **UT (þróun námskeiða í upplýsingatækni fyrir kennara)**
- **Starfsþróunarvinna sem tekur mið af gildandi menntastefnu:**
mótun og innleiðing lærdómssamfélags
mótun læsisstefnu

Vorráðstefna miðstöðvar skólalárunar 2014 var haldin þann 5. apríl og nefndist *Það verður hverjum að list sem hann leikur: Lifandi starfsþróun – árangursríkt skólalárunar*. Haustráðstefna miðstöðvarinnar 2014 var haldin 13. september undir heitinu *LÆSI – til samskipta og náms*. Í tengslum við hana var haldin *Námstefna um Byrjendalæsi* 12. september 2014.

Starfsmenn miðstöðvar skólalárunar hafa annast kennslu í kennaradeild HA, bæði sem umsjónarkennarar einstakra námskeiða og sem stundakennarar. Þeir hafa einnig sinnt leiðsögn með BEd og meistaraþrófsritgerðum. Jafnframt komu kennarar af hug- og félagsvísindasviði, einkum úr kennaradeild, til samstarfs um einstök verkefni á vegum miðstöðvarinnar. Fjöldi starfsmanna árið 2014 var níu fyrri hluta árs, í 7,17 stöðugildum, en 10 seinni hlutann, í 7,37 stöðugildum.

www.msha.is



VIÐSKIPTA- OG RAUNVÍSINDASVIÐ

Viðskipta- og raunvísindasvið skiptist í tvær deildir, viðskiptadeild og auðlindaeild. Innan auðlindaeildar var í boði BS nám í líftækni og sjávarútvegsfræði. Innan viðskiptadeildar voru tvær námslínur í boði til BS gráðu. Rannsóknartengt meistaranám var í boði hjá báðum deildum.

Vorið 2014 voru 75 nemendur brautskráðir frá viðskipta- og raunvísindasviði. Þar af voru tíu nemendur með BS gráðu í líftækni og átta í sjávarútvegsfræði. Úr viðskiptafræði brautskráðust 38 með BS gráðu. Tveir luku meistaraþrófi í auðlindafræðum og einn lauk meistaraþrófi í viðskiptafræði. 16

„Lögð er áhersla á að mennta fólk til almennra stjórnunarstarfa í fyrirtækjum og til að gegna ábyrgðarstöðum í fjármála fyrirtækjum, auk þess að veita nauðsynlegan undirbúning fyrir framhaldsnám í viðskiptafræðum. Meðal annars er fjallað um stjórnun skipulagsheilda, mannauðs-stjórnun, stefnumótun, hagnýta stærðfræði, hagrannsóknir og þjóðhagfræði.“

luku meistaranámi í haf- og strandsvæðastjórnun í samstarfi við Háskólasetur Vestfjarða á Ísafirði.

Við upphaf skólaárs haustið 2014 var 451 nemandi skráður til náms við viðskipta- og raunvísindasvið. 47 nemendur stunduðu BS nám í líftækni, 86 nemendur voru í sjávarútvegsfræði og 308 voru í viðskiptafræði. Tveir nemendur stunduðu diplómanám í náttúru- og auðlindafræði, fimm nemendur meistaranám í viðskiptafræði og þrjú stunduðu meistaranám í auðlindafræðum. Þar til viðbótar stunduðu 35 nemendur meistaranám í haf- og strandsvæðastjórnun í samstarfi við Háskólasetur Vestfjarða.

Á fræðasviðinu störfuðu 30 kennarar, þar með taldir þeir kennarar sem sviðið deilir með rannsóknarstofnunum sem aðsetur hafa á Borgum. Meðal kennara sviðsins eru átta prófessorar. Auk þess störfuðu að jafnaði nokkrir sérfræðingar og aðstoðarmenn að ýmsum rannsóknarverkefnum og stundakennslu.

AUÐLINDAEILD

Í boði voru tvær námsleiðir til BS prófs, *líftækni og sjávarútvegsfræði*. Boðið var upp á staðarnám og fjarnám. BS námið er skipulagt til þriggja ára, samtals 180 ECTS einingar. Ennfremur var boðið rannsóknartengt nám til meistaraþróðu í auðlindafræði á sviði líftækni og sjávarútvegsfræða, sem og meistaranám í haf- og strandsvæðastjórnun í samvinnu við Háskólasetur Vestfjarða. Háskólinn á Akureyri hefur frá upphafi markað sér þá sérstöðu meðal íslenskra háskóla að leggja áherslu á námsbrautir tengdar nýtingu náttúruauðlinda á þverfaglegu sviði auðlindafræða. Í starfi deildarinnar fara saman nám og rannsóknir í náttúruvísindum, samhliða áherslum á hagfræði, viðskiptafræði og stjórnun. Slík menntun er forsenda góðrar auðlindaþjónunar og styður sjálfbæra nýtingu auðlinda til verðmætasköpunar.

Náið samstarf var við fjölda fyrirtækja og rannsóknarstofnana héraðs og erlendis. Má þar nefna þær stofnanir á Borgum sem deila með deildinni aðstöðu og starfsmönnum, svo sem Hafrannsóknarstofnun, Náttúrufræðistofnun Íslands – Akureyrarsetur og Matis ohf. Virkt samstarf var ennfremur við aðra háskóla, svo sem Háskóla Íslands, Landbúnaðarháskóla Íslands og Háskólann á Hólum. Einnig var samstarf við fjölda fyrirtækja og má þar nefna Mannvit, Landsvirkjun, Norðurorku, Samherja hf, Brim hf og Biopol ehf.

Kennarar og sérfræðingar auðlindaeildar eru mjög virkir í rannsóknum sem spanna vítt svið raun- og náttúruvísinda. Rannsóknir tengdar sjávarútvegi eru hafrannsóknir, líffræði, efna- og örverufræði fiska, gæði og öryggi sjávarfangs, veiðarfærarannsóknir, vinnslutækni og hagrænar rannsóknir. Líftæknirannsóknir tengjast lífefnaleit, orkulíftækni, fiskeldi, kerfislíffræði og sameindaerfðafræði, og gerðar eru rannsóknir á íblöndunarefnum.

Líftækni

Háskólinn á Akureyri býður einn íslenskra háskóla upp á sérhæft nám í líftækni, þar sem blandað er saman ýmsum námskeiðum á sviði náttúruvísinda og auðlinda líftækni, ásamt viðskiptagreinum. Meðal áherslna eru umhverfis- og orkulíftækni, til dæmis niðurbrot lífræns úrgangs og nýmyndun orkuríkra efna, líftæknilegir þættir fiskeldis hvað varðar heil-



VIÐSKIPTA- OG RAUNVÍSINDASVIÐ

brigði og fóður, lífvirk efni, efni með lyfjavirkni, fæðubótarefni, aukaefni í matvælum og efni sem bæta ónæmiskerfið, og grunnrannsóknir á erfðaauðlindum íslenskrar náttúru. Lögð er rík áhersla á að kynna nemendum líftæknilegar aðferðir við að nýta auðlindir með nýjum hætti og koma afurðum slíkrar þróunar á markað. Af sérnámskeiðum má nefna erfðafræði og sameindaerfðafræði, sjávarlíftækni, líftæknilega örverufræði, matvælafræði, gena- og gagnasöfn og gæðaframleiðsluferli. Auk fastra kennara auðlindadeildar koma sérfræðingar ýmissa fyrirtækja og stofnana að kennslunni.

Eitt rannsóknarverkefna á sviði líftækni beinist að notkun hitakærra örvera við framleiðslu á etanóli og vetni úr lífmassa. Þær rannsóknir eru unnar í viðtæku samstarfi innanlands og utan og hefur fjöldi styrkja fengist til rannsóknarverkefna og uppbyggingar tækja og aðstöðu, meðal annars úr Tækniþróunarsjóði. Alls unnu þrjár sérfræðingar og tveir meistaranemar á sviði orkulíftækni á árinu. Þrjár ritrýndar greinar voru birtar á sviði orkulíftækni um hitakærar etanól- og vetnisframleiðandi bakteríur.

Unnið var að uppbyggingu bakteríustofnasafns úr ýmsum vistgerðum íslenskrar náttúru. Safnað var stofnum úr ýmsum jarðvegsgerðum á Norðurlandi og víðar. Söfnunin var meðal annars unnin í tengslum við sameiginlegt samnámskeið HA, HÍ og University of Reading í *Örveruvistfræði norðurlóða*. Einnig var stofnasafnið skimað eftir hagnýtanlegum eiginleikum, svo sem til kuldavirks niðurbrots á ýmsum lífrænum fjölliðum, og umhverfissýni skimuð eftir bakteríuveirum með virkni gegn völdum stofnum.

Á rannsóknarstofu í hagnýtri örverufræði við HA var unnið að rannsóknum á framleiðslu á fjölómettuðum Omega-3 fitusýrum og lífvirkum efnum með frumverum, í samvinnu við sjávarlíftæknisetrið BioPol ehf á Skagaströnd og Náttúrufræðistofnun Íslands – Akureyrarsetur. Meginmarkmiðið var að einangra, greina og rækta nýja stofna af frumverum af ættinni *Thraustochytrids* til framleiðslu á Omega-3 sjávarolíum og lífvirkum efnum í tilraunarækt. Frumverurnar hafa ekki verið ræktaðar hér á landi fram til þessa. Verðmætustu fitusýrurnar eru hinar fjölómettuðu og lífsnauðsynlegu fitusýrur DHA (docosahexaenoic acid, C22:6-n3) og EPA (eicosahexaenoic acid, 20:5n-3).

Starf sameiginlegrar rannsóknarstofu HA og Náttúrufræðistofnunar í sameindaerfðafræði eflidist. Meistaranemar og

einn doktorsnemi störfuðu að verkefnum á vegum stofunnar og innlendra og erlendra samstarfsaðila hennar. Lokaverkefnum nemenda í grunnnámi og verklegri kennslu í erfða- og sameindaerfðafræði er sinnt þar. Jafnframt var unnið að verkefnum í samstarfi við Matís ohf og Sjávarútvegsskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna. Rannsóknasjóður Rannís, Háskólasjóður KEA og Rannsóknasjóður HA eru meðal styrktaraðila rannsóknarstarfs á stofunni.

Sjávarútvegsfræði

Háskólinn á Akureyri býður einn íslenskra háskóla 180 ECTS eininga nám í sjávarútvegsfræði til BS gráðu en einnig er boðið upp á MS gráðu í sjávarútvegsfræði. Að námi loknu bera brautskráðir starfsheitið sjávarútvegsfræðingur. Markmið námsins er að veita nemendum góðan þekkingargrunn til að starfa í sjávarútvegi og tengdum greinum, og breiðan grunn til frekara náms. Námið veitir þverfaglega þekkingu sem nýtist sérstaklega vel til stjórnunarstarfa. Kennend eru undirstöðunámskeið raun- og viðskiptagreina. Sérnámskeið sjávarútvegsfræða eru um vistkerfi sjávar og veiðar og vinnslu sjávarafurða. Mikil áhersla er lögð á samvinnu við fyrirtæki og stofnanir sem vinna við sjávarútveg og stoðgreinar hans, til dæmis í tengslum við lokaverkefni nemenda. Námið samstarf er við Sjávarútvegsmiðstöðina við Háskólann á Akureyri – SHA.

Viðskipta- og raunvísindasvið hefur verið þátttakandi í Sjávarútvegsskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna um árabíl. Starfsmenn sviðsins hafa kennt á námskeiðum skólans og verið leiðbeinendur nemenda. Þessu námi við HA hefur verið skipt í tvo þætti, annars vegar grunnþjálfun nemenda háskólans í viðskiptafræði og markaðsfræði, og hins vegar sérhæft nám um rekstur og markaðssetningu sjávarútvegsfyrirtækja, *A specialist course on Management of Fisheries Companies and Marketing*, sem miðar að því að þjálfa fólk í að stjórna sjávarútvegsfyrirtækjum af ólíkum toga. Helstu markmið með sérhæfða náminu eru að veita yfirlit yfir kenningar í rekstri og fjármálum fyrirtækja, að veita viðtæka þekkingu á rekstri sjávarútvegsfyrirtækja allt frá fiskeldi til markaðssetningar sjávarafurða, og að þjálfa nemendur í gagnrýnni hugsun til að finna lausn á vandamálum í rekstri sjávarútvegsfyrirtækja. Kennarar sviðsins hafa einnig verið ráðgefandi, skipulagt og haldið námskeið í tengslum við þetta starf í ýmsum próunarlöndum.



Meistaránám í auðlindafræði

MS í auðlindafræðum er alþjóðlegt rannsóknarnám á sviðum umhverfisfræði, orkufræði, líftækni og sjávarútvegsfræði. Þessi fræði endurspeglar faglega sérstöðu auðlindaeildar í kennslu og rannsóknum. Námið er 120 ECTS einingar, skipulagt til tveggja ára, og er einstaklingsmiðað. Megináhersla er lögð á meistaraverkefnið, sem vegur 60–90 einingar, og að nemendur tileinki sér vísindaleg vinnubrögð. Námskeiðshluta meistaránámsins tekur nemandinn að hluta við HA, við aðra innlenda háskóla ef kostur er, og við erlenda rannsóknarháskóla samkvæmt ákvörðun meistaránámsnefndar hverju sinni. Námið er í samstarfi og sterkum tengslum við erlenda rannsóknarháskóla og -stofnanir.

Haf- og strandsvæðastjórnun

MS nám í haf- og strandsvæðastjórnun er alþjóðleg og þverfagleg námsleið sem boðin er í samvinnu við Háskólasetur Vestfjarða. Allt námið er kennt á Ísafirði, en Háskólinn á Akureyri ber faglega ábyrgð á gæðum kennslu, námsefnis og námsmats. Mikil tengsl eru við auðlindaeild og prófgráða við námslok er frá HA.

VIÐSKIPTAEILD

Starfsemi deildarinnar var með svipuðu sniði og undanfarin ár. Í viðskiptadeild hófu 100 nemendur grunnnám að hausti og þrír nemendur hófu meistaránám. Um 70% nemenda í grunnnámi eru fjarðemar.

Grunnnám í viðskiptafræði

Boðið var upp á þriggja ára 180 ECTS eininga BS nám í viðskiptafræðum, bæði í staðarnámi og farnámi. Staðarnámið fer fram með hefðbundnum hætti í fyrirlesturum, umræðutímum og dæmatímum. Farnámið fer hins vegar fram með upptökum úr kennslustundum í staðarnámi, sem dreift er til nemenda um lokaðan kennsluvef. Fjarðemar mæta þar að auki í upphafi og við lok hvers misseris í kennslustund gegnum myndfundabúnað, ásamt því að þeir mæta í staðarlotu um mitt misseri. Kennsluumhverfið Moodle er notað við deildina og nýtist það bæði staðar- og fjarðemarum í náminu.

Viðskiptafræði við Háskólann á Akureyri er hagnýtt nám þar sem einstaklingar eru menntaðir til ábyrgðarstarfa við rekstur fyrirtækja, stofnana eða félagsamtaka. Nemendur öðlast þekkingu á grunnatriðum viðskiptafræða og eru þjálfðir í fag-



VIÐSKIPTA- OG RAUNVÍSINDASVIÐ

legum vinnubrögðum og gagnrýnni hugsun, sem gerir þá hæfa til að beita viðurkenndum aðferðum við ákvarðanatöku, stjórnun og stefnumótun. Samhliða því eru nemendur æfðir í fræðilegum vinnubrögðum sem nýtast munu í framhaldsnámi og starfi. Allir nemendur öðlast góða grunnþekkingu á viðskiptafræði og geta svo valið að leggja sérstaka áherslu á *stjórnun og markaðsfræði* eða *stjórnun og fjármál*.

Stjórnun og markaðsfræði

Lögd er áhersla á að mennta fólk til stjórnunar- og markaðsstarfa, auk þess að veita nauðsynlegan undirbúning fyrir framhaldsnám í viðskiptafræðum. Meðal annars er fjallað um stjórnun skipulagsheilda, mannauðsstjórnun og stefnumótun. Ennfremur um auglýsinga- og kynningarmál, þjónustumarkaðsfræði, neytendahegðun, almannatengsl og markaðsrannsóknir. Í náminu er farið yfir aðferðir til markaðsgreiningar, sem og gerð markaðs- og kynningaráætlana, þjónustumælinga og almannatengslaferða. Að auki eru kennd námskeið í vörupróun og áætlanagerð.

Stjórnun og fjármál

Lögd er áhersla á að mennta fólk til almennra stjórnunarstarfa í fyrirtækjum og til að gegna ábyrgðarstöðum í fjármálafyrirtækjum, auk þess að veita nauðsynlegan undirbúning fyrir framhaldsnám í viðskiptafræðum. Meðal annars er fjallað um stjórnun skipulagsheilda, mannauðsstjórnun, stefnumótun, hagnýta stærðfræði, hagrannsóknir og þjóðhagfræði. Einnig er fjallað ítarlega um fjármálastjórnun, áhættustýringu og verðbréfalögfræði.

Meistaránám í viðskiptafræði

Rannsóknartengt meistaránám í viðskiptafræðum er 120 ECTS eininga nám, sem er á margan hátt ólíkt námi á BS stigi. Til að mynda liggur ekki fyrir ákveðin námskrá meistaránáms heldur

er námið einstaklingsmiðað. Þannig fylgir hver nemandi eigin námskrá sem er sérsniðin að þörfum hans og þess rannsóknarverkefnis sem hann vinnur að á námstímanum. Meðal fyrstu verkefna meistaránemans er að velja námskeið úr kennsluskrám HA eða samstarfsstofnana, í náinni samvinnu við aðalleiðbeinanda sinn. Meistaránámsnefnd viðskipta- og raunvísindasviðs tryggir að hin einstaklingsmiðaða námskrá standist ítrustu gæðakröfur.

Námið skiptist í ýmist 60 eða 90 ECTS eininga rannsóknarverkefni og 30 til 60 ECTS eininga námskeið. Að lágmarki skal nemandi ljúka námskeiðum sem samsvara 30 ECTS einingum og þar af hið minnsta 10 ECTS einingum í rannsóknaraðferðum. Önnur námskeið skal nemandi taka við HA eða samstarfsstofnanir. Einnig er mögulegt að nemandi taki lesnámskeið í samráði við aðalleiðbeinanda sinn og meistaraneftnd.

Rannsóknir

Kennarar í viðskiptadeild hafa á undanförunum árum verið afkastamiklir við rannsóknir og ritstörf á sviðum fjármála og fjármálamarkaða. Nefna má ferðabjónustu, samruna fyrirtækja, alþjóðastofnanir, norrænan vinnumarkað, sveitarstjórnarmál, markaðsmál, stjórnun og skipulagningu fyrirtækja og rekstur sjávarútvegsfyrirtækja. Rannsóknir kennaranna hafa birst í sérstökum bókum, íslenskum og erlendum fræðitímaritum og safnitum. Náin tengsl eru við rannsóknir Rannsóknamiðstöðvar ferðamála – RMF og RHA – Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri, meðal annars um byggðarannsóknir.

Kennarar deildarinnar eiga í margvíslegum samskiptum og samstarfi við erlendar stofnanir og vísindamenn. Kennarar hafa farið erlendis á vegum Erasmus, Nordplus og Nobanet. Nemendur hafa stundað nám erlendis að hluta á vegum Erasmus og Nordplus.



MARKAÐS- OG KYNNINGARSVIÐ

Nýjar áherslur voru lagðar í markaðs- og kynningarstarfi háskólans.

Forstöðumaður markaðs- og kynningarsviðs vann kynningar-efni fyrir háskólann í samstarfi við deildir hans. Gerðar voru miklar breytingar á kynningarefninu. Nefna má að framsetning upplýsinga um hinar ýmsu námsleiðir var samræmd til að auðvelda yfirsýn yfir þær.

Miklar breytingar urðu á útliti kynningarefnis og skilaboðum í kynningu skólans. Um það var aðallega haft samstarf við Íslensku auglýsingastofuna sem sá um útlitshönnun á bæklingi og öðru kynningarefni. Stíll sá um að setja upp mestallt prentað efni í nýju útliti og Ásprent prentaði.

Háskólar landsins héldu áfram samstarfi um að skipuleggja Háskóladaginn, sem er árlegur viðburður. Hann var að þessu sinni haldinn laugardaginn 1. mars. Allir sjö háskólar landsins kynntu þar námsframboð sitt. Kynning Háskólans á Akureyri fór fram á neðri hæð á Háskólatorgi Háskóla Íslands, ásamt kynningum Háskólans á Hólum, Landbúnaðarháskóla Íslands og HÍ. Háskólinn í Reykjavík var í sínum húsakynnum ásamt Háskólanum á Bifröst. Listaháskóli Íslands hafði kynningu í eigin húsnæði.

Háskóladagurinn var síðan einnig haldinn sameiginlega á Egilsstöðum, Akureyri, Ísafirði og Selfossi líkt og áður. Þar við bættust kynningar á þremur nýjum stöðum, Höfn í Hornafirði, Borgarnesi og Grundarfirði.

Að venju var lögð áhersla á vandaðar auglýsingar í fjölmiðlum fyrir innritun skólaárið 2014 – 2015. Áherslur voru töluvert breyttar frá árinu á undan og ber helst að nefna að mun meiri áhersla var nú lögð á vefmiðla. Markaðs- og kynningarsvið er í samstarfi við ABS fjölmiðlahús um gerð auglýsingaáætlunar. Eru auglýsingar háskólans unnar bæði af Stíl og hjá Íslensku auglýsingastofunni.

Eins og undanfarin ár var voru haldnar kynningar á háskólanum fyrir stúdentsefni í framhaldsskólum. Flestir framhaldsskólar landsins voru heimsóttir. Alltaf voru nemendur HA með í för til að kynna skólann. Að auki var sendur markpóstur til stúdentsefna til að vekja athygli á háskólanum. Einnig tók markaðs- og kynningarsvið ásamt nemendum HA á móti stúdentsefnum í eigin húsnæði.

Markaðs- og kynningarsvið sá um skipulagningu fjölmargra viðburða innan háskólans. Nefna má fullveldishátíð 1. desember og HA-daginn þegar háskólinn er kynntur fyrir framhaldsskólanemum á Norðurlandi og öðrum sem huga að námi. Sviðið kom einnig að undirbúningi og framkvæmd háskólahátíðar í júní.

Alþjóðaskrifstofa HA

Verkefnastjóri alþjóðamála hefur umsjón með nemenda-, kennara- og starfsmannaskiptum, ásamt öðrum verkefnum sem tengjast alþjóðlegu samstarfi.

Á árinu 2014 voru alls 77 erlendir skiptinemar skráðir í HA, bæði í venjulegt skiptinám og í verknám, en það er aukning um 19 nemendur milli ára. Nemendurnir komu frá eftirtöldum löndum: Belgíu, Danmörku, Englandi, Finnlandi, Frakklandi, Ítalíu, Kanada, Kína, Lettlandi, Litháen, Noregi, Póllandi, Slóvakíu, Slóveníu, Svíþjóð, Tékklandi og Þýskalandi.

Alls stunduðu 19 nemendur frá HA skiptinám erlendis í eftirtöldum löndum: Austurríki, Bandaríkjunum, Danmörku, Finnlandi, Kína, Noregi, Svíþjóð og Þýskalandi. Sextán kennarar og starfsmenn stöðþjónustu HA fóru erlendis í kennara- eða starfsmannaskiptum í gegnum Erasmus eða Nordplus og HA tók á móti 41 erlendum kennara og öðrum starfsmönnum í skiptum.

Það er helmingsaukning í kennara- og starfsmannaskiptum milli ára 2013 – 2014.

Alþjóðaskrifstofa HA sá um móttöku og skipulagði kynningar á háskólanum fyrir fjölmargt starfsfólk frá erlendum samstarfskólum og sendiráðum. Einnig var tekið á móti ýmsum öðrum erlendum gestum.

Nemenda- og kennaraskiptasamningar, auk samstarfsneta við erlenda háskóla, eru um 200 talsins. Samstarf þetta er unnið í gegnum eftirfarandi skiptiáætlanir: Erasmus, Nordplus, North-2North og tvíhliða samninga.

Unnið er að því auka fjölda skiptinema frá HA og hefur Alþjóðadagur HA verið liður í því. Alþjóðadagur var haldinn þann 30. október í umsjón alþjóðafulltrúa í samstarfi við Félag stúdenta við Háskólann á Akureyri og kennara innan háskólans. Auk þess eru aðrir sértækir fundir og kynningar fyrir nemendur sem hafa áhuga á að fara út í skiptinám eða framhaldsnám og nægir að nefna kynningu á Fulbright-styrknum, kynningar frá erlendum sendiráðum á Íslandi og kynningar á sumarnámskeiðum.

Vert er að benda á að þátttaka nemenda og kennara í ráðstefnunni Arctic Circle, sem haldin var í nóvember, var framúrskarandi góð. Yfir 50 nemendur frá HA tóku þar þátt í ráðstefnu um norðurslóðamál og unnu sem sjálfbodaliðar á ráðstefnunni. Margir kennarar og rannsakendur frá HA voru með erindi á ráðstefnunni.



FJÁRMÁLA-, STARFSMANNA- OG REKSTRARSVIÐ


Fjármála-, starfsmanna- og rekstrarsvið annast helstu sameiginleg verkefni á sviði fjármála. Má þar nefna umsjón með gerð rekstraráætlana til lengri og skemmri tíma, vinnslu bókhalds og launa, miðlun fjárhagslegra upplýsinga, svo og eftirlit og ráðgjöf um fjárhagsleg málefni háskólans. Jafnframt annast sviðið rekstur og umsjón fasteigna og búnaðar háskólans, þar á meðal rekstur tölvakerfa og símakerfa.

Á árinu 2014 var starfsemin með venjubundnu sniði. Fram fór endurmat á húsnæðisþörf háskólans á Borgum og var dregið úr notkun leiguhúsnæðis þar.




NEMENDUR OG DEILDIR

Lögheimili nemenda á haustmisseri 2014



Lögheimili	Karlar	Konur	Samtals	Hlutfall
Norðvestur	27	122	149	8,75%
Norðaustur	180	575	755	44,33%
Suður	51	212	263	15,44%
Suðvestur	39	195	234	13,74%
Reykjavík	52	186	238	13,98%
Erlendis	12	52	64	3,76%
Samtals	361	1.342	1.703	100,00%

Deild	2010			2011			2012			2013			2014		
	Karlar	Konur	Alls	Karlar	Konur	Alls	Karlar	Konur	Alls	Karlar	Konur	Alls	Karlar	Konur	Alls
Félagsvísindadeild	47	128	175	62	201	263	81	248	329	77	274	351	95	347	442
Kennaradeild	69	348	417	43	246	289	39	215	254	40	210	250	38	237	275
Lagadeild	50	59	109	50	58	108	42	53	95	41	38	79	40	32	72
Hjúkrunarfræðideild	4	219	223	7	241	248	12	253	265	11	245	256	16	269	285
Iðjupjálfunardeild	4	89	93	5	104	109	4	105	109	3	105	108	2	84	86
Framh.deild í heilbr.vísindum	3	29	32	2	41	43	8	34	42	4	70	74	3	92	95
Auðlindadeild	83	79	162	73	51	124	72	51	123	61	73	134	65	73	138
Viðskiptadeild	124	166	290	128	185	313	109	201	310	106	210	316	102	208	310
Samtals	384	1.117	1.501	370	1.127	1.497	367	1.160	1.527	343	1.225	1.568	361	1.342	1.703









NEMENDASKRÁ

Meginmarkmið nemendaskrár er að tryggja gott skipulag á daglegu starfi háskólans, ásamt því að veita nemendum og starfsfólki almennar upplýsingar og þjónustu. Nemendaskrá annast meðal annars innritun nýnema, skráningu í og úr námskeiðum og prófum, og prentun og frágang brautskráningargagna.

Afgreiðslustjóri og fulltrúar nemendaskrár annast almenna þjónustu, upplýsingagjöf, símsvörin, útgáfu vottorða og innkaup og afgreiðslu á skrifstofuvörum fyrir starfsfólk háskólans. Ennfremur utanumhald ferðabeiðna og flugbókana. Afgreiðslustjóri og fulltrúar hafa umsjón með allri nemendaskráningu og skjalavistun henni tengdri. Þá hafa fulltrúar með höndum bókanir og leigu á stofum og fundaherbergjum í húsnæði skólans.

Skipulag og umsjón prófhalds fer fram á nemendaskrá undir stjórn verkefnastjóra prófa og fjarkennslu. Hann gefur út próftöflur og hefur yfirumsjón með prófhaldi og einkunnaskilum. Reglulegar próftíðir eru í desember og apríl/maí og sjúkra- og endurtökupróf eru að lokinni viðkomandi próftíð.

Nemendaskrá hefur umsjón með framkvæmd fjarkennslu á vegum háskólans og annast samskipti við símenntunar- og fræðslumiðstöðvar um allt land.

Kennsluráðgjafi sér um að skipuleggja og veita kennslufræðilega þjónustu með áherslu á fjarkennslu og sveigjanlegt nám.

Forstöðumaður nemendaskrár hefur umsjón með innra upplýsingakerfi skólans, Uglu, sem og gagnamiðlun milli tölvukerfa háskólans, ásamt vefumsjón. Forstöðumaður sér ennfremur um uppsetningu og birtingu námskrár. Hann annast framkvæmd námskeiðsmats og annarra kannana, og veitir ýmsar tölfræðilegar upplýsingar úr gögnum nemendaskrár.

Starfsmenn nemendaskrár voru sex og gegndi Stefán Jóhannsson stöðu forstöðumanns.



FJARNÁM

Háskólinn á Akureyri kappkostar að bjóða öllum nemendum sínum öfluga stoðþjónustu á sviði tölvu- og upplýsingatækni, hvort sem þeir stunda nám á háskólasvæðinu eða í heima- byggð. Allar deildir skólans nema lagadeild buðu upp á fjarnám í grunnnámi og stunduðu það 848 nemendur.

Heilbrigðisvísindasvið – hjúkrunarfræðideild og iðjupjálfunarfræðideild

Í hjúkrunarfræðideild fer fram fullt nám í dagskóla, þar sem fjarnemendur stunda nám samhliða nemendum í staðarnámi. Námið byggir að mestu á gagnvirkum myndfundabúnaði, en kennarar nýta einnig kennslukerfið Moodle og tölvusamskipti í síauknum mæli.

Í iðjupjálfunarfræðideild er stuðst við kennslukerfið Moodle. Upptökur af öllum kennslustundum eru gerðar aðgengilegar þar. Kennarar nota einnig tölvusamskipti, meðal annars í gegnum Skype. Árið 2014 voru á heilbrigðisvísindasviði 177 fjarnemendur á vormisseri og 205 á haustmisseri. Þeir voru búsettir víða um land; á Akranesi og Akureyri, í Árborg, á Blönduósi, í Borgarnesi, á Egilsstöðum, í Grundarfirði og Hafnarfirði, á Hólmanvík, Húsavík, Hvammstanga og Ísafirði, í Neskaupstað, á Reyðarfirði, í Reykjanesbæ, á Sauðárkróki, í Stykkishólmi og Vestmannaeyjum og á Þórshöfn.

Hug- og félagsvísindasvið – kennaradeild og félagsvísindadeild

Kennaranám er kennt í fjarkennslu sem fullt nám samhliða staðarnámi. Kennsla fer að mestu fram um gagnvirkan myndfundabúnað. Einnig er Moodle kennslukerfið notað.

Í félagsvísindadeild hófst fjarnám haustið 2011. Sömu námskeið eru kennd í fjarnámi og í staðarnáminu og stuðst er við upptökur og Moodle.

Árið 2014 voru á hug- og félagsvísindasviði 258 fjarnemendur á vormisseri og 313 á haustmisseri. Þeir voru staðsettir á Akranesi og Akureyri, í Árborg, á Blönduósi, í Borgarnesi og Búðardal, á Egilsstöðum, í Fjallabyggð, Grundarfirði og Hafnarfirði, á Hólmanvík, Húsavík, Hvammstanga, Höfn og Ísafirði, í Neskaupstað, á Patreksfirði og Reyðarfirði, í Reykjanesbæ, á Sauðárkróki, í Snæfellsbæ, Stykkishólmi og Vestmannaeyjum, og á Vopnafirði og Þórshöfn.

Viðskipta- og raunvísindasvið – auðlindadeild og viðskiptadeild

Í auðlindadeild og viðskiptadeild er miðað við að fjarnemendur geti stundað vinnu meðfram náminu og dreifist það því á lengri tíma. Námið fer fram að mestu leyti á neti gegnum Moodle og þar eru einnig aðgengilegar upptökur af öllum kennslustundum. Til stuðnings eru fundir í gagnvirkum myndfundabúnaði utan dagvinnutíma í mörgum námskeiðum í viðskiptadeild, í upphafi og við lok missera. Einnig hafa nemendur tækifæri til að eiga samskipti við kennara og sín á milli í vefumræðum sem settar eru upp fyrir hvert námskeið. Árið 2014 var við viðskipta- og raunvísindasvið 281 fjarnemandi á vormisseri og 250 á haustmisseri. Þeir bjuggu á Akranesi og Akureyri, í Árborg, á Blönduósi, í Borgarnesi, á Egilsstöðum, í Fjallabyggð, á Grundarfirði, í Hafnarfirði, á Húsavík, Hvammstanga, Höfn og Ísafirði, í Neskaupstað, á Patreksfirði og Reyðarfirði, í Reykjanesbæ, á Sauðárkróki, í Stykkishólmi, á Vopnafirði, í Vestmannaeyjum og á Þórshöfn.

Í árdaga fjarkennslunnar var námið nær eingöngu byggt á útsendingum fyrirlestra með gagnvirkum myndfundabúnaði. Enn í dag er myndfundabúnaður notaður í miklum mæli við háskólan. Hröð þróun í upplýsingatækni býður þó upp á fjölbreyttar leiðir í kennslu, við miðlun námsefnis, í samskiptum og við að mæta þörfum nemenda í fjarnámi. Háskólinn fylgist vel með þróun í upplýsinga-, samskipta- og kennslutækni. Markvisst eru innleiddar nýjungar á því sviði. Má þar nefna gagnvirka skjái, upptökur kennslustunda og beinar útsendingar þeirra, ýmsar vefsíður og rafrænt kennsluefni sem kennarar búa til, og kennslukerfið Moodle. Moodle hefur meðal annars að geyma innbyggð pósthforrit, vefumræður, spjallrásir, próftæki, verkefnamiðlara, hópvinnumarkaðir og ýmsa möguleika til framsetningar námsefnis á margvíslegu formi.

Einnig er í sumum námskeiðum stuðst við sýndarkennslustofuna Big Blue Button, sem kennarar geta nýtt sér í gegnum Moodle í hverju námskeiði fyrir sig og notuð var til reynslu í fyrsta sinn kennsluárið 2013 – 2014. Big Blue Button sameinar marga kosti myndfunda, spjallkerfa og annarra samskiptamiðla og býður upp á miðlun á tölvuefni, glæru- og myndasýningar, samskipti um vefmyndavélar og spjallkerfi, auk upptöku fyrirlestra í tímum.




Háskólinn á Akureyri leggur áherslu á að nemendur á þeim stöðum þar sem fjarnám er í boði hafi aðgang að þjónustu í heimabyggð. Það er ein forsenda fjarnámsins að nemendum sé sköpuð góð aðstaða til móttöku kennslu gegnum myndfundabúnað, tölvur og net. Háskólinn hefur því samstarf um fjarkennslu við háskólasetur, háskólafélög og símenntunar- og fræðslumiðstöðvar víðs vegar um landið. Þó aðstaða sé mismunandi á fjarkennslustöðunum, hafa nemendur aðgang að myndfundabúnaði og tölvuveri ásamt ljósritunar- og vinnuaðstöðu á þeim flestum.

Helstu samstarfsaðilar háskólans eru: Austurbrú, Farskóli

Norðurlands vestra, Háskólafélag Suðurlands, Háskólasetur Vestfjarða, Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum, Námsflokkar Hafnarfjarðar – Miðstöð símenntunar, Símenntunarmiðstöðin á Vesturlandi, Viska – Fræðslu- og símenntunarmiðstöð Vestmannaeyja og Þekkingarnet Þingeyinga.

Í fjarnáminu er ýmist um að ræða fullt nám í dagskóla eða nám sniðið að þörfum þeirra sem stunda það samhliða starfi. Fjarnemar greiða sömu skráningargjöld og aðrir nemendur skólans. Á sumum fjarkennslustöðum þarf að greiða aðstöðugjöld sem eru nokkuð mismunandi.

Verkefnastjóri fjarnáms er Daníel Freyr Jónsson.



RHA – RANNSÓKNAMIÐSTÖÐ HÁSKÓLANS Á AKUREYRI

RHA - Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri er sjálfstæð eining innan Háskólans á Akureyri. Rannsóknamiðstöðin nýtur ekki fastra fjárframlaga, heldur aflar sér tekna með rannsóknarverkefnum og ráðgjöf fyrir fyrirtæki, stofnanir, ráðuneyti og félagasamtök, og með rannsóknarstyrkjum innlendum og erlendum.

Í árslok 2014 störfuðu 12 starfsmenn í um 9,5 stöðugildum við RHA (8) og Sjávarútvegsmiðstöðina við Háskólann á Akureyri – SHA (1,5), sem rekin er undir hatti RHA. Forstöðumaður RHA er Guðrún Rósa Þórsteinsdóttir.

Auk þess að stunda fjölbreyttar rannsóknir fyrir og í samstarfi við samfélagið og atvinnulífið er það hlutverk RHA að efla rannsóknarstarfsemi við Háskólann á Akureyri sem og að styrkja tengsl háskólans við atvinnulífið. Einnig hefur RHA það hlutverk að vinna að þróun nýrra verkefna innan HA og koma þeim í réttan farveg.

Markmið með rekstri RHA er í meginatriðum fjórþætt:

- Að efla umsýslu og þjónustu við rannsóknir innan HA með það að markmiði að efla rannsóknir við HA og auka fjármagn til rannsókna úr samkeppnisjóðum.
- Að vinna að þróunar- og sérverkefnum á vegum HA á skilvirkan og markvissan hátt.
- Að vera tengiliður við setur og stofnanir sem starfa innan eða í tengslum við HA og skapa umgjörð til að hægt sé að hýsa litlar stofnanir og setur á sem skilvirkastan og hagkvæmasta hátt.
- Að vera tengiliður HA við atvinnulífið með því að sinna fyrir það verkefnum og stuðla að þekkingaryfirfærslu þangað frá HA.

RHA hefur með höndum stjórnarsýslu rannsókna með þjónustusamningi við HA. Er þar um að ræða eftirtalda þætti sem lúta að stjórnarsýslu, umsjón, þjónustu og ráðgjöf við rannsóknir í háskólanum. Stjórnarsýsla rannsókna:

- Hefur umsjón með stigamati og rannsóknarskýrslum. Hún auglýsir umsóknarfrest, heldur utan um umsóknir um vinnumat og þjónustar matsnefndir ásamt því að vinna náið með vísindasviði HÍ. Þá grunnmetur starfsmaður stjórnarsýslu rannsókna rannsóknir nýrra starfsmanna.
- Hefur umsjón með umsóknum í rannsóknarsjóð HA og háskólasjóð KEA. Starfsmaður stjórnarsýslu rannsókna

auglýsir umsóknarfresti, tekur á móti umsóknum, boðar stjórnir sjóðanna á fund og er starfsmaður þeirra. Að auki sér stjórnarsýsla rannsókna um að senda út svarbréf stjórnar og halda utan um styrkgreiðslur.

- Þjónustar dómnefnd HA vegna grunnmats og framgangs akademískra starfsmanna.
- Umsýslar umsóknir og úthlutanir á rannsóknarmisserum.
- Vinnur að lykiltölum um rannsóknir með lykiltöluteymi HA.

RHA hýsir ýmis verkefni fyrir háskólann, bæði langtíma- og skammtímaverkefni. Má þar nefna skrifstofu Rannsóknþings Norðursins, Northern Research Forum – NRF, skv. þjónustusamningi við Háskólann á Akureyri. Þá sinnir RHA umsýslu vegna Sjávarútvegsmiðstöðvarinnar – SHA og teljast starfsmenn þessara starfseininga til starfsmanna RHA.

RHA rekur ráðstefnuþjónustu og umsýslar ráðstefnur og fundi sem haldnir eru í HA í samstarfi við ýmsa aðila.

RHA er samstarfsaðili í nokkrum Evrópuverkefnum. Þar má nefna ESPON verkefni um þróun byggðar: *Espon on the Road*, *Key Indicators for Territorial Cohesion and Spatial Planning (KITCASP)* og *ESPON Evidence in a North European Context (ENECON)*. Þá umsýslar RHA svokallaðan ESPON-ECP tengilið í umboði Háskólans á Akureyri, en tengiliðir eru í öllum aðildarlöndum ESPON samstarfsins. Þá er RHA þátttakandi í tveimur verkefnum sem fjármögguð eru af sjóði Norrænu ráðherranefndarinnar, Arctic Cooperation Fund. Þetta eru verkefni *West Nordic Municipal Structure and Value Creation in Rural Areas Characterized by Industry*.

Styrkir á árinu:

- Eva Halapi fékk styrk úr Rannsóknarsjóði HA fyrir verkefnið: *Viðhorf, kunnátta og vilji Íslendinga til að aðlagast loftslagsbreytingum*.
- Guðrún Rósa Þórsteinsdóttir, ásamt Guðrínu Ingi-mundardóttur, hlaut styrk úr EEA grants í samstarfi við National Association for Rural Ecological and Cultural Tourism – Maramureş Branch og Vasile Goldis' Western University of Arad, Baia Mare branch, fyrir verkefnið: *Maramureş a „Living Treasure“ in the European Cultural Heritage*.
- Hjalti Jóhannesson fékk styrk úr Háskólasjóði KEA fyrir verkefnið: *Vaðlaheiddargöng – Samfélagsáhrif*.



RANNSÓKNAMIÐSTÖÐ
HÁSKÓLANS Á AKUREYRI

- Marta Einarsdóttir, ásamt Andreu Hjálmsdóttur, hlaut styrk úr Jafnréttissjóði fyrir verkefnið: *Íslenska ofurfjölskyldan – samræming fjölskyldulífs og atvinnu.*

Rannsóknarverkefni:

Rannsóknarverkefni sem unnin voru af starfsmönnum RHA árið 2014 voru fjölbreytt að vanda. Hefur samsetning þeirra breyst nokkuð á undanförunum árum, meira er um styttri verkefni og kannanir af ýmsu tagi. Eftirfarandi listi yfir verkefni er ekki tæmandi en sýnir þær rannsóknarskýrslur sem eru aðgengilegar á vefsíðu RHA. Rétt er að benda á að ekki lýkur öllum verkefnum með skýrslu, s.s. minniháttar ráðgjafarverkefnum. Þá er nokkuð um áfangaskýrslur sem ekki eru birtar, sérstaklega í erlendum rannsóknarverkefnum og þannig endurspeglar þetta ekki vinnu starfsmanna í rannsóknum. Fastur liður í starfsemi RHA er að starfsmenn kynna rannsóknir og starfsemi miðstöðvarinnar á ráðstefnum innanlands og utan þótt slík erindi séu ekki talin upp hér.

Rannsóknarskýrslur RHA 2014:

Clusters Without Content? Icelandic National and Regional Tourism Policy. Scandinavian Journal of Public Administration. 2014: (18)1, 63-85. Höfundar: Edward Huijbens, Hjalti Jóhannesson og Gunnar Þór Jóhannesson.

Eyfirska efnahagssvæðið. Verkefni fjármagnað af Vaxtar- samningi Eyjafjarðar. Samstarfsaðilar: Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar, Akureyrarstofa, Vinnuálastofnun og Stefna ehf. Höfundar: Hjalti Jóhannesson, Halla Hafbergsdóttir og Jón Þorvaldur Heiðarsson.

Eyfirska efnahagssvæðið – Samfélagið og innviðir þess. Verkefni fjármagnað af Vinnuálastofnun, Akureyrarstofu, Atvinnuþróunarfélagi Eyjafjarðar og RHA. Höfundur: Valtýr Sigurbjarnarson.

Eyjafjarðarsveit, skólaakstur og almenningsamgöngur – Helstu niðurstöður könnunar. Skýrsla unnin fyrir sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar. Höfundar: Eva Halapi og Hjalti Jóhannesson.

Fiskveiðistjórnunarkerfi á norðurlóðum, samantekt upplýsinga. Höfundar: Hreiðar Þór Valtýsson, Hörður Sævaldsson og Jón Ingi Björnsson.

Viðhorfsskönnun meðal nemenda sem ekki hafa hafið nám en ekki lokið frá HA. Höfundar: Eva Halapi og Halla Hafbergsdóttir.

Barfagreining. Áningarstaðir fyrir ferðamenn sem nota Strætó bs. á leiðum 57, 56, 78 og 79 um Norðurland. Verkefni unnið fyrir Rannsóknamiðstöð ferðamála. Höfundar: Valtýr Sigurbjarnarson og Hjalti Jóhannesson.

Barfagreining. Greining á þörf fyrir starfsmenntun á Eyjafjarðarsvæðinu. Höfundar: Hjördís Sigursteinsdóttir og Hjalti Jóhannesson.

Jafnrétti á vinnustöðum á Íslandi: Rannsókn á viðhorfi stjórnenda fyrirtækja til jafnréttis og mismununar. Unnið fyrir Jafnréttisstofu. Höfundur: Marta Einarsdóttir.

Könnun meðal nemenda í HA, Hólum og LBHÍ. Verkefni fjármagnað af Samstarfsneti opinberu háskólanna. Samstarfsaðili, Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands. Höfundar: Halla Hafbergsdóttir og Eva Halapi.

Samanburður á launum karla og kvenna hjá Kópavogsbæ í apríl 2013. Unnið fyrir Kópavogsbæ. Höfundar: Halla Hafbergsdóttir og Eva Halapi.

Samfélagslegt hlutverk háskóla – Kostun í íslenskum háskólum. Grein í tímaritinu Stjórnsmál og stjórnsýsla. 2014: (10)2, 473-497. Höfundar: Sigurður Kristinsson, Hjalti Jóhannesson og Trausti Þorsteinsson.

Starfsþróun kennara – Greining á sjóðaumhverfi. Höfundur: Sigrún Vésteinsdóttir.

Framkvæmdastjórn Háskólans á Akureyri samþykkti á fundi í október breytingu á heiti RHA. Heitið var RHA – rannsókn- og þróunarmiðstöð Háskólans á Akureyri. Eftir breytingu er heitið RHA – Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri.

Á vef RHA má finna nánari upplýsingar um starfsemi RHA www.rha.is

BÓKASAFN OG UPPLÝSINGAÞJÓNUSTA

Nafnbreyting á sviðinu var gerð á árinu. Það hét áður upplýsingasvið en heitir nú bókasafn og upplýsingaþjónusta Háskólans á Akureyri. Bókasafn og upplýsingaþjónusta rekur bókasafn háskólans og annast sérsöfn eins og lista- og steinasöfn. Auk þess annast sviðið mál er snerta útgáfu á skýrslum og hvers kyns ritröðum á vegum deilda. Aðra umsýslu vegna útgáfumála háskólans annast RHA – Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri.

Starfsfólk bókasafns veitir meðal annars ráðgjöf og aðstoð við upplýsingaleit, og leggur áherslu á að veita nemendum, starfsfólki háskólans og öðrum lánþegum faglega og persónulega þjónustu. Bókasafnið leggur áherslu á að bjóða aðgang að vönduðu úrvali gagnasafna og rafrænna tímarita á fræðasviðum háskólans, og hefur reynt að byggja bóka- og tímaritakost safnsins upp jafnt og þétt þannig að hann endurspegli fræðasvið skólans.

Fastráðnir starfsmenn í árslok 2014 voru fimm talsins í 4,5 stöðugildum. Þar af var einn starfsmaður í hálfu starfi vegna samstarfssamnings um bókasafnsþjónustu við Háskólann á Hólum. Auk þess starfaði á bókasafni til októberloka starfsmaður í 0,25 stöðugildi í sérstöku verkefni styrktu af Tryggingastofnun ríkisins. Forstöðumaður er Astrid Margrét Magnúsdóttir.

Hlutverk bókasafns og upplýsingaþjónustu er að annast kennslu og þjálfun í upplýsingalæsi (UL) en það er sú færni sem gerir mönnum kleift að leita upplýsinga, leggja mat á gæði þeirra og hagnýta þær í námi, kennslu og rannsóknum. Mikil áhersla hefur verið lögð á kennslu og þjálfun nemenda í UL auk þess sem boðið er upp á fræðslu fyrir starfsfólk. Kennsla og þjálfun fyrir nemendur í UL fer m.a. fram í ákveðnum námskeiðum, sem valin eru í samráði við kennara deilda. Kennarar og annað starfsfólk háskólans geta einnig óskað eftir kynningum eða stuttum námskeiðum. Fræðsla í UL á vegum bókasafns (kennslustundir í deildum, viðtöl við upplýsingafræðing og námskeið fyrir nemendur og starfsfólk) fór samtals fram í 99 kennslustundum á árinu og náði til tæplega 850 manns.

Á bókasafni er starfrækt kennslugagnasafn sem er ætlað að þjóna jöfnum höndum nemendum og kennurum kennaradeilda HA og grunnskóla- og leikskólakennurum á Norðurlandi eystra. Safninu berast samkvæmt samningi eintök alls efnis sem út kemur á vegum Námsgagnastofnunar.

Góð aðstaða er til sýningahalds á bókasafninu og á árinu voru haldnar listsýningar eftir listamennina Maribel Longueira, Margræti Elfu Jónsdóttur, Þórdísi Jónsdóttur og Ragnar Hólm Ragnarsson.

Forstöðumaður sviðsins situr í verkefnisstjórn Skemmanar, <http://www.skemman.is> sem er rafrænt gagnasafn þar sem varðveitt eru lokaverkefni nemenda og rannsóknarit kennara og fræðimanna. Skemman er samvinnuverkefni allra háskólanna í landinu og Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns, sem sér um hýsingu og rekstur gagnasafnsins. Fjöldi lokaverkefna í Skemmu frá árinu 1999 til ársloka 2014 er 2.779 og hafa 273 tímaritsgreinar og annað efni frá kennurum verið vistað í Skemmu. Forstöðumaður er einnig fulltrúi HA í samráðshópi um ritstuldarvarnir, sem allir háskólar landsins hafa haft samstarf um frá haustinu 2011. Á árinu var unnið áfram að innleiðingu á Turnitin hugbúnaðinum, www.turnitin.com sem hefur það meginmarkmið að koma í veg fyrir ritstuld.

Starfsmenn bókasafnsins taka þátt í fjölbreyttu samstarfi meðal bókasafna. Landsfundur Upplýsingar – félags bókasafns- og upplýsingafræða fór fram í HA í október og veitti forstöðumaður undirbúningsnefndinni forystu. Í henni sat starfsfólk safnsins auk bókavarda á Akureyri. Í júní tók Sigríður Vilhjálmsdóttir, verkefnastjóri aðfangadeilda, þátt í viku starfsmannaskiptum á vegum Erasmus við Háskólabókasafnið í Helsinki. Var það hluti af starfsleyfi hennar. Í október heimsótti forstöðumaður Háskólann í Nordland í Noregi og kynnti sér starfsemi skólans, einnig með starfsmannastyrk frá Erasmus.

Á árinu barst bókasafninu bókagjöf í lögfræði frá Birni Jósef Arnviðarsyni.



Pia Viinikka verkefnastjóri kennir upplýsingalæsi.



FÉLAG STÚDENTA VIÐ HÁSKÓLANN Á AKUREYRI – FSHA



Félag stúdentanna við Háskólann á Akureyri er félag allra innritaðra stúdentanna við háskólann. Félagið er fyrst og fremst hagsmunafélag stúdentanna, bakland og sameiningartákn deildarfélaga þess og þeirra aðila sem sinna trúnaðarstörfum á vegum félagsins. Félag stúdentanna við Háskólann á Akureyri hefur yfirmensjón með atburðum á sviði skemmtana-, íþróttar- og fjölskyldumála og stendur á bakvið deildarfélög sín til þess að sinna þessum málaflokkum innan deilda. Félagið stendur vörð um hagsmuni heildarinnar, stuðlar að bættri heilsu og líðan stúdentanna, og vinnur náið með starfsfólki skólans að kynningarmálum, hagsmunamálum og öðru því sem snertir stúdentanna, beint eða óbeint.

Stúdentaráð

Stúdentaráð fer með æðsta vald félagsins milli aðalfunda. Stúdentaráð er skipað framkvæmdastjórn FSHA ásamt formönnum deildarfélaganna. Formaður FSHA er formaður stúdentaráðs og varaformaður er ritari stúdentaráðs. Stúdentaráð setur sér, framkvæmdastjórn og fastanefndum verklagsreglur sem starfað er eftir.

Framkvæmdastjórn

Undir stúdentaráði starfar framkvæmdastjórn félagsins og fer með fjármál og daglegan rekstur félagsins. Framkvæmdastjórn er skipuð formanni, varaformanni og fjármálastjóra FSHA. Framkvæmdastjórnin sér um að halda skrifstofu FSHA opinni fyrir stúdentanna.

Stúdentaráð starfsárið 2014 – 2015:

Þórhildur Edda Eiríksdóttir, formaður, Birgir Marteinson, varaformaður, Sigrún Birna Kristjánsdóttir, fjármálastjóri, Guðbjörn Ólsen Jónsson, formaður Eirar, félags heilbrigðisdeildarnema,

Eggert Páll Einarsson, formaður Kumpána, félags nema við félagsvísindadeild, Hafdís Kristný Haraldsdóttir, formaður Magister, félags kennaranema, Þorsteinn Helgi Valsson, formaður Reka, félags nema við viðskiptadeild, Katla Hrund Björnsdóttir, forseti Stafnbúa, félags auðlindaeildarnema, Berglind Ósk Guðmundsdóttir, formaður Þemis, félags lagarnema.

Fulltrúar FSHA í háskólaráði skólaárið 2014 – 2015 voru: Hafdís Erna Ásbjarnardóttir, til og með september 2014, til vara var Aníta Einarsdóttir, Berglind Ósk Guðmundsdóttir, frá október 2014, til vara var Grímur Rúnar Lárússon.

Stúdentaráð hélt átta formlega fundi á starfsárinu. Meðal málefna á dagskrá ráðsins var undirbúningur og framkvæmd gæðaúttektar á starfi háskólans, sem fór fram 25. – 27. mars, en þar tóku nemendur virkan þátt.

Formenn aðildarfélaganna söfnuðu saman punktum meðal nemenda um það sem betur mætti fara innan deilda eða skólans í heild. Framkvæmdastjórn kom punktum til rektors, sem tók ábendingum stúdentaráðs fagnandi.

Haldinn var vinnudagur nemenda, sem var vettvangur fyrir umræðu um bæði skólamál og félagsmál. Rektor sat fundinn með nemendum.

Fulltrúar nemenda í gæðaráði ásamt stúdentaráði beittu sér fyrir því að niðurstöður námskeiðsmats yrðu gerðar opinberar. Óhætt er að segja að sú vinna sé nú komin í farveg. Stúdentaráð og framkvæmdastjórn hafa beitt sér fyrir því að gera hreyfingarsal háskólans enn betri en áður. Einnig var nestisaðstaða nemenda bætt til muna með nýjum tækjum.

Sjá nánar í ársskýrslu FSHA á slóðinni

www.fsha.is





FÉLAGSSTOFNUN STÚDENTA VIÐ HÁSKÓLANN Á AKUREYRI – FÉSTA



Félagsstofnun stúdenta á Akureyri er sjálfseignarstofnun sem Háskólinn á Akureyri, skráðir nemendur og Akureyrarbær eiga aðild að. Tilgangur FÉSTA er að eiga og reka námsmannaíbúðir og annast aðra þjónustu við námsmenn. Sérstakar reglur gilda um úthlutun nemendahúsnæðis. Umsóknarfrestur um sumarvist er til 1. mars og fyrir vetrarvist 20. júní.

Félagsstofnun rekur stúdentagarða við:

Skarðshlíð 46 með 14 herbergjum og 10 íbúðum sem teknar voru í notkun 1989,

Klettastíg með 12 herbergjum og 18 íbúðum sem teknar voru í notkun 1993 - 1994,

Drekagil þar sem 29 íbúðir voru teknar í notkun 2000,

Tröllagil með 36 tveggja og þriggja herbergja íbúðum sem teknar voru í notkun í september 2004 og Kjalarsíðu með 40 íbúðum sem teknar voru í notkun í ágúst 2008.

Framkvæmdastjóri Félagsstofnunar stúdenta er Jónas Steingrímsson.

Stjórn FÉSTA skipa:

Halla Margrét Tryggvadóttir, skipuð af Akureyrarbæ
Ólafur Búi Gunnlaugsson, skipaður af háskólaráði HA
Kristín Ágústsdóttir, skipuð af háskólaráði HA
Berglind Ósk Guðmundsdóttir nemi, skipuð af FSHA
Þórhildur Edda Eiríksdóttir nemi, skipuð af FSHA

Til vara:

Úlfar Hauksson, skipaður af háskólaráði HA
Elín Birna Vigfúsdóttir nemi, skipuð af FSHA

www.festaha.is





SÍMENNTUN HÁSKÓLANS Á AKUREYRI

Símenntun Háskólans á Akureyri skal leitast við að bjóða upp á alhliða sí- og endurmenntun á háskólastigi, með þarfar viðskiptavina og hagkvæmni í rekstri að leiðarljósi. Símenntun HA nýtur ekki fjárveitinga frá Alþingi og þarf starfsemin að standa undir útlögðum kostnaði og taka tillit til samkeppnislaga. Eitt stöðugildi er hjá Símenntun við námskeiðahald en önnur þjónusta, er t.d. lýtur að fjárhagslegum rekstri og húsnæði, er á vegum háskólaskrifstofu.

Starfsemi ársins var með hefðbundnum hætti. Námskeiðsframboðið var nokkuð fjölbreytt, má þar nefna svið eins og stjórnun, kennslu, bókmenntir og tungumál. Spænska, franska og ítalska voru kennd, það síðastnefnda með styrk frá ítalska utanríkisráðuneytinu, sem hefur styrkt ítölskukennslu við skólann í mörg ár. Það hefur gert nemendum mögulegt að stunda ítölskunám sér að kostnaðarlausu.

Á vormisseri var skipulagt 31 námskeið, en af þeim voru aðeins 14 haldin. Hin féllu niður vegna ónógrar þátttöku, þannig að þau stóðu ekki undir sér fjárhagslega. Þrátt fyrir það hlýst af þeim óhjákvæmilegur kostnaður vegna skipulagningar og auglýsinga.

Sem fyrr komu kennarar námskeiða víða að, frá háskólum sem og sérfræðingar úr atvinnulífinu. Samstarf var við ýmsa einstaklinga og stofnanir um námskeið á ákveðnum sérsviðum, til dæmis Samtök ferðabjónustunnar og Leiðsöguskólann.

Hápunktur vormisseris var 13. maí, er Símenntun útskrifaði 30 nemendur úr leiðsögunámi. Námið, sem var einn vetur, byggði á námskrá fyrir leiðsögunám og var í samstarfi við Leiðsöguskólann í Kópavogi. Það var víðtækt og fjölbreytt og því ætlað að taka mið af ólíkum þörfum ferðabjónustunnar, í takt við breytilegt ferðamynstur ferðamanna. Fjallað var um leiðsögu-tækni, helstu ferðamannastaði, íslenskt samfélag, jarðfræði landsins, sögu og menningu, gróður og náttúruvernd, atvinnuvegi, bókmenntir og listir auk þjálfunar í erlendum tungumálum, svo nokkuð sé nefnt. Kennt var síðdegis eftir hefðbundinn vinnudag og farnar vettvangsferðir um helgar með SBA – Norðurlandi. Lokapunkturinn var hringferð um landið. Útskriftnin fór fram í hátíðarsal háskólans og veittar voru viðurkenningar fyrir góðan námsárangur. Dimitrios Þeodoropolus lék á gítar og ávörp fluttu Sigrún Stefánsdóttir, staðgengill háskólarektors, Kristín Hrönn Þránsdóttir, fagstjóri Leiðsöguskólans, María

Guðmundsdóttir hjá Samtökum ferðabjónustunnar og Óskar Þór Halldórsson fyrir hönd nemenda.

Á haustmisseri voru 34 mismunandi námskeið skipulögð og af þeim var 21 haldið. Starfsemi haustsins hófst samkvæmt venju með aðfaranámskeiðum fyrir nýja háskólanemendur, í staðar- og fjarkennslu víðs vegar um landið. Námskeið í efnafræði var vel sótt, en fella þurfti niður námskeið í Excel, fjárhagsbókhaldi og stærðfræði.

Nám hófst í Verkefnastjórnun – leiðtogaþjálfun í samstarfi við Nordica ráðgjöf ehf, en að henni standa þeir dr. Haukur Ingi Jónasson og dr. Helgi Þór Ingason sem eru með reyndustu stjórnendabjálfurum landsins. Þetta nám hefur notið mikilla vinsælda undanfarin ár og hlotið einróma lof þátttakenda, og er þetta þriðji veturinn sem við kennum það. Í náminu er m.a. lögð áhersla á að samtvinna stjórnun og samskiptafærni, sem hefur þótt góð og hagnýt blanda.

Eins og undanfarin ár sækja mun fleiri konur en karlar sem námskeið hjá Símenntun. Á árinu taldi nemendahópurinn um 550 manns, sem er sami fjöldi og árið þar á undan. Þátttakendur á námskeiðum eru á öllum aldri, en fjölmennustu hóparnir eru á aldursbilinu 40 til 55 ára. Framboð á fræðslu og afþreyingu fer stöðugt vaxandi hér sem annars staðar og samkeppnin er því mikil, sem gerir kröfur um að framboð sé fjölbreytt og þjónustan góð og sveigjanleg. Óflugt og fjölbreytt kynningarstarf er einnig nauðsynlegt.



SJÁVARÚTVEGSMIÐSTÖÐIN VIÐ HÁSKÓLANN Á AKUREYRI – SHA

Meginmarkið SHA er öflun og miðlun upplýsinga á sviði sjávarútvegs milli skóla, stofnana og atvinnulífs, og að styðja við stefnu Háskólans á Akureyri í þeim efnum. Miðstöðin hefur um eitt stöðugildi, hlutastöður við kennslu í sjávarútvegsfræðum, og tímabundin stöðugildi vegna rannsóknar- og verkefnastyrkja.

Forstöðumaður SHA er Hreiðar Þór Valtýsson, sem jafnframt er lektor við auðlindadeild HA. Auk hans störfuðu Hörður Sævaldsson og Bjarni Eiríksson á árinu 2014. Báðir eru þeir sjávarútvegsfræðingar.

Helstu verkefni starfsfólks SHA árið 2014 voru:

- **Grunn- og framhaldsskólar.** Kennsla á skólaskipinu Húna II. Einnig fyrirlestrar í framhaldsskólum um mikilvægi sjávarnytja og um lífríki sjávar við Ísland.
- **Kennslubók.** *Íslenskur sjávarútvegur á 21. öld – verðmæti úr hafinu.* Rafbók um sjávarútveg fyrir grunnskóla. Verkefnið var styrkt af Rannsóknarsjóði síldarútvegsins.
- **Neðansjávarmyndbönd.** *Lífrikið í sjónum við Ísland.* Stutt neðansjávarmyndbönd um hafið. Verkefnið var styrkt af Rannsóknarsjóði síldarútvegsins.
- **Útgefnar skýrslur og skýrslukaflar:**
Fiskveiðistjórnkerfi á Norðurlóðum.
Value chain dynamics and the small-scale sector (FAO).
Fisheries catch reconstructions Islands, Part IV.
- **Gagnagrunnar.** Starfsmenn SHA hafa safnað ýmsum gagnagrunnum um fiskveiðar héraðs sem erlendis. Dæmi um þetta eru upplýsingar um útflutningsmagn og tekjur af sjávarafurðum á Íslandi og í Noregi og upplýsingar um aflabrögð í heiminum frá 1950 (FAO). Einnig hafa verið teknar saman nákvæmar upplýsingar um aflabrögð við Ísland frá byrjun 20. aldarinnar.
- **Norðurlóðasamstarf.** Sérfræðingar SHA hafa verið virkir á sviði fiskveiða á Norðurlóðum. Jafnframt hafa sérfræðingar SHA tekið virkan þátt í Norðurlóðaneti Íslands. Sérfræðingar SHA fluttu fyrirlestra um fiskveiðar á norðurlóðum á ýmsum vettvangi.
- **Nordmarine – samstarfsnet sjávarútvegstengdra háskóla á norðurlóðum.** SHA leiðir alþjóðlegt samstarfsnet sjávarútvegstengdra háskóla á norðurlóðum. Verkefnið er fjármagnað af Norrænu ráðherranefndinni og gegnum samstarf utanríkisráðuneyta Noregs og Íslands.
- **Ráðstefnan Arctic Circle.** SHA hélt ráðstefnu um sjávarútvegstengt nám á norðurlóðum á Arctic Circle.
- **Loðnuráðstefna.** Í tilefni þess að hálf öld var liðin frá því að Íslendingar hófu hagnýtingu á loðnu hélt SHA ráðstefnu þann 5. september. Markmiðið var að ná heildstæðu yfirliti um nýtingu á loðnu og sýna hvað hefur áunnist á fimmtíu árum. Ráðstefnan var vel sótt. Gestir voru frá fyrirtækjum og samtökum í sjávarútvegi allsstaðar að af landinu. Nemendur á sjávarút-

vegsbraut HA sóttu líka ráðstefnuna ásamt því að taka virkan þátt við undirbúning hennar.

- **Sjávarútvegsráðstefnan.** Sérfræðingar SHA voru með tvo fyrirlestra árið 2014, um menntun í sjávarútvegi og stjórnkerfi fiskveiða. Nemendur aðstoðuðu við framkvæmd ráðstefnunnar.
- **Sjávarútvegsskóli Háskóla Sameinuðu Þjóðanna (UNU – FTP).** Fastur liður í starfsemi SHA. SHA sá um námskeið í rekstri sjávarútvegsfyrirtækja og markaðssetningu á sjávarafurðum.
- **Menntaklasinn.** SHA er meðlimur í menntahópi sjávarklasans. Lítil starfsemi var á árinu.
- **Verkefnamiðlunin.** Vefsíða sem tengir saman nemendur og fyrirtæki í sjávarútvegstengdum greinum (opnuð 2012). Samstarfsverkefni SHA og Sjávarklasans í Reykjavík.
- **Upplýsingaveita um íslenskan sjávarútveg.** Undirbúin var uppfærsla vefsins í samvinnu við atvinnuvega og nýsköpunarráðuneytið.
- **Söfnun kræklingalirfa.** Verkefni um söfnun kræklingalirfa í samstarfi við fjölda minni rannsóknamiðstöðva í kringum landið. Það var að mestu styrkt af Verkefnasjóði sjávarútvegsins.
- **Nemendaverkefni.** Starfsmenn SHA aðstoða og leiðbeina nemendum í sjávarútvegsfræðum við ýmis verkefni. Í sumari var einn nemandi í verkefni um markaðssetningu sjávarafurða. Verkefnið var að hluta til styrkt af rannsóknasjóði HA.

Nánari upplýsingar um Sjávarútvegsmiðstöðina má finna á vefsíðu hennar, <http://www.sjavar.is>

ýmsir gagnlegir vefir:

Neðansjávarmyndbönd,
<https://www.youtube.com/user/ErlendurBogason>

Skýrsla: *Fiskveiðistjórnkerfi á Norðurlóðum,*
<http://www.rha.is/is/rannsoknir/utgefid-efni/2014>

Skýrsla, sjá bls. 60 – 68, *Value chain dynamics and the small-scale sector (FAO),*
<http://www.fao.org/3/a-i3630e.pdf>

Skýrsla, sjá bls. 73 – 88, *Fisheries catch reconstructions Islands, Part IV,*
http://www.fisheries.ubc.ca/webfm_send/367

Norðurlóðanet Íslands,
<http://www.arcticiceland.net>

Nordmarine,
<http://www.uarctic.org/organization/thematic-networks/arctic-fisheries-and-aquaculture/>

Verkefnamiðlunin,
<http://www.verkefnamidlun.is>

Upplýsingaveita um íslenskan sjávarútveg,
<http://www.fisheries.is>

RANNSÓKNAMIÐSTÖÐ FERÐAMÁLA – RMF



RANNSÓKNAMIÐSTÖÐ FERÐAMÁLA

Samkomulag Háskólans á Akureyri og Háskóla Íslands um rekstur RMF var endurnýjað á árinu, nú með formlegri aðkomu Háskólans á Hólum. Skrifstofa RMF er sem fyrr á Borgum á háskólasvæðinu á Akureyri. Rekstrargrundvöllur RMF styrktist enn frekar með árlegu, ótímabundnu framlagi mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Rannsóknardagar RMF voru haldnir á Hólum í Hjaltadal í júní og á Hvanneyri í nóvember. Þeir er orðnir fastur liður í starfseminni og gefa góðan árangur.

Formlegar starfsstöðvar RMF voru við Háskólann á Akureyri og Háskóla Ísland. Starfsmenn sem sinna verkefnum á vegum RMF eru auk þess staðsettir á Húsavík, Höfn og Hólum í Hjaltadal.

Starfsmenn árið 2014 voru:

Á Akureyri:

Alda Metrass Mendes, nýdokter
Edward H. Huijbens, forstöðumaður
Kristinn Berg Gunnarsson, sérfræðingur
Mareike Scheller, skiptinemi

Í Reykjavík:

Eyrún Jenný Bjarnadóttir, sérfræðingur
Cristi Frenç, sérfræðingur

Auk þess sinna verkefnum fyrir RMF:

Gyða Þórhallsdóttir, Reykjavík, Guðrún Þóra Gunnarsdóttir, Hólum í Hjaltadal, Johannes T. Welling, Höfn í Hornafirði, og Lilja Berglind Rögnvaldsdóttir, Húsavík.

Stjórnarfundir á árinu voru þrír. Í stjórn RMF árið 2014 áttu sæti:

Í stjórn RMF árið 2013 áttu sæti:

Rögnvaldur Ólafsson, HÍ, formaður stjórnar
Guðrún Rósa Þórsteinsdóttir, HA, varaformaður
Ögmundur Knútsson, HA
Anna Dóra Sæþórsdóttir, HÍ, til loka febrúar
Rannveig Ólafsdóttir, HÍ, frá og með mars
Bjarnheiður Hallsdóttir, Samtökum ferðabjónustunnar
Guðrún Helgadóttir, Háskólanum á Hólum, þar til í byrjun júní
Georgette Leah Burns, Háskólanum á Hólum, frá og með júní
Oddný Þóra Óladóttir, Ferðamálastofu.

Rannsóknarverkefni ársins

Verkefni sem fjármögnuð voru í gegnum RMF og unnin annars staðar

Verkefni	Tengiliður	Stofnun
<i>Umbreytingar: ferðabjónusta, staður og sjálfsemd</i>	Guðrún Þóra Gunnarsdóttir	Háskólinn á Hólum
<i>Þróun ferðamannastaða og þolmörk ferðamanna</i>	Anna Dóra Sæþórsdóttir	Háskóli Íslands
<i>Ferðamennska, landslag og loftslagsbreytingar á Íslandi</i>	Johannes T. Welling	Háskóli Íslands
<i>Ferðabjónusta í byggðum landsins</i>	Lilja B. Rögnvaldsdóttir	Rannsóknasetur HÍ á Höfn í Hornafirði
<i>Ferðabjónusta í byggðum landsins</i>	Lilja B. Rögnvaldsdóttir	Rannsóknasetur HÍ á Húsavík

Verkefni unnin á RMF

Verkefni	Tengiliður
Rannsóknarverkefni styrkt af Icelandair Group: <i>Samspil flugs og ferðamennsku. Hvernig undirbyggja má viðskiptalíkan sem skilar hagnaði en gengur ekki á auðlindir þær sem byggt er á?</i>	Alda Metrass Mendes
<i>Rýning á forsendum hliðarreikninga ferðabjónustu á Íslandi: Hvaða gögn liggja fyrir til að greina hagræn áhrif ferðabjónustu? Hversu skýr eru gögnin með tilliti til einstakra landshluta eða svæða?</i>	Cristi Frenç
<i>Skemmtiskip við Íslandsstrendur: Að skilja efnahagsáhrif af komu skemmtiskipa í hafnir landsins, áhrifin á samfélög þar sem komið er að landi, sem og áhrif gestanna og skipanna á umhverfi í staðbundnu og hnattrænu samhengi.</i>	Kristinn Berg Gunnarsson
<i>Tourism, Wellbeing and Ecosystem Services (TOBEWELL): Að tengja saman rannsóknir á heilsutengdri þjónustu og athuga hvernig þær nýtast í ferðamennsku, þ.e. framboði á afþreyingu og útivist. Bætt heilsa og velíðan með samlífi við auðlindir náttúru og sjálfbæra nýtingu vistkerfa.</i>	Edward H. Huijbens



Verkefni	Tengiliður
<p><i>Slow adventure tourism og SAINT 2015:</i> <i>Að bera kennsl á vörur og þjónustu sem snúast um „yndis-ævintýri“ (e. slow adventure) á norðurlóðum og hvað það er sem einkennir þessar ferðir.</i></p>	Edward H. Huijbens
<p>Norðurlóðasamstarf. RMF er virkur þátttakandi í norðurlóðasamstarfi fræðafólks í ferðamálum með þátttöku í International Polar Tourism Research Network – IPTRN.</p>	Edward H. Huijbens

Nánari lýsingu á verkefnunum er að finna í ársskýrslu á vef RMF. Ennfremur ítarlegt yfirlit yfir útgefið efni, fyrirlestra og erindi, ráðstefnur, málþing og vinnufundi.

www.rmfi.is



RANNSÓKNARÞING NORÐURSINS, NORTHERN RESEARCH FORUM – NRF



Markmið NRF er að skapa vettvang fyrir umræður um málefni norðurslóða og að auka samvinnu vísindamanna og hagsmunaaðila á norðurslóðum. Viðfangsefni eru margvísleg, svo sem loftslagsbreytingar, sjálfbær þróun, nýting auðlinda, menntun, heilsa og öryggi.

Að NRF standa sex norðurskautslönd, þ.e. Ísland, Finnland, Norvegur, Kanada, Bandaríkin og Rússland. Níu manna stjórn stýrir NRF með fulltrúum frá ofangreindum löndum og eru Ísland, Kanada og Bandaríkin með tvo fulltrúa hvert. Stjórnarformaður er Lassi Heininen frá Finnlandi. Skrifstofa NRF er staðsett hjá RHA – Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri sem rekur hana með þjónustusamningi við Háskólann á Akureyri. Framkvæmdastjóri skrifstofunnar er Guðrún Rósa Þórsteinsdóttir sem jafnframt er forstöðumaður RHA.

Til að uppfylla markmið sín skipuleggur NRF rannsóknarþing á tveggja til þriggja ára fresti í aðildarríkjum Norðurskautsráðsins, The Arctic Council. Forsvarsmenn NRF hvetja til að tekið sé heildrænt á málefnum norðursins og að reynsla og velferð samfélaga og fólks á svæðinu sé höfð að leiðarljósi. Því er leitast við að tryggja þátttöku frá sem flestum sviðum samfélagsins á rannsóknarþingunum. Þátttakendur eru m.a. vísindamenn, stjórnmalamenn, embættismenn, sveitarstjórnarmenn, frumbyggjar og, síðast en ekki síst, ungir vísindamenn. Um 10-15 ungir vísindamenn hljóta styrk til að sækja hvert þing og gegna þar veigamiklu hlutverki.

Alþjóðaráðstefnan Arctic Circle var haldin í annað sinn í ráðstefnu- og menningarhúsinu Hörpu í Reykjavík 31. október til 2. nóvember. NRF tók virkan þátt í undirbúningi og stóð fyrir málstofu með yfirskriftinni: *Arctic Science in Globalization: Beyond the International Polar Year 2007–2008*. Ennfremur stóð NRF fyrir þremur málstofum til viðbótar í samvinnu við The Thematic Network on Geopolitics and Security, en þær báru eftirfarandi titla:

- *Arctic security: Military Strategies and Defense Policies in and Impacts of Recent Crises on, Security of The Arctic.*
- *Future Security of The Arctic: Environmental / Human Security, Energy Security, Maritime Safety, and International Treaties.*
- *Local and Regional Security, (State) Sovereignty, National and Regional Security and New Security Actors.*

Málstofurnar tókust vel og voru vel sóttar.

Að venju var NRF þátttakandi í árlegum verkefnum eins og *Calotte Academi* og *Jokkmokk vetraráráðstefnunni* í Finnlandi. Skrifstofa NRF hélt að auki nokkra kynningarfundum á árinu og tók á móti fjölmörgum gestum og sendinefndum.

NRF tók þátt í útgáfu á *Arctic Yearbook 2014* ásamt Háskóla Norðurslóða og Arctic Portal á Akureyri.





SAMNINGAR

Í skránni hér á eftir er getið nokkurra helstu samninga sem Háskólinn á Akureyri gerði á árinu. Fyrst er getið um samningsaðila, síðan eðli samningsins og loks dagsetningu undirskriftar. Auk þessa hafa deildir og svið gert fjölda samstarfssamninga, m.a. við erlendar stofnanir og háskóla.

Háskólinn á Akureyri og Matís ohf.

Rammisamningur um eflingu rannsókna og menntunar í sjávarútvegsfræðum, matvælafræðum og líftækni, samstarf á öðrum sviðum kennslu og rannsókna. 27. janúar 2014.

Háskólinn á Akureyri og Sjávarlíftækni BioPol ehf.

Samningur um samstarf á sviði sjávarlíftækni. 6. febrúar 2014.

Háskólinn á Akureyri og Norðurorka.

Samningur um eflingu rannsókna við Háskólann á Akureyri. 19. febrúar 2014.

Háskólinn á Akureyri og AkureyrarAkademían.

Samningur um samstarf, nýtingu sérþekkingar og aðstöðu. 4. mars 2014.

Háskólinn á Akureyri og Lostæti.

Samningur um rekstur mótuneytis fyrir starfsmenn og nemendur HA. 27. mars 2013.

Háskólinn á Akureyri, Háskóli Íslands og Hólaskóli – Háskólinn á Hólum.

Samningur um Rannsóknamiðstöð ferðamála. 4. júní 2014.

Háskólinn á Akureyri og Náttúruminjustofnun Frakklands.

Samstarfssamningur um kennslu og rannsóknir, skiptidvöl og skiptinám. 2. nóvember 2014.

Háskólinn á Akureyri og Félagsstofnun stúdenta á Akureyri.

Samningur um rekstur námsmannaíbúða. 6. nóvember 2014.



STYRKIR

Gjafir

Bókasafni háskólans barst bókaþjóf í lögfræði frá Birni Jósef Arnviðarsyni.

Styrkir

Á háskólahátíð þann 14. júní afhenti Halldór Jóhannsson, framkvæmdastjóri KEA, styrki úr Háskólasjóði KEA. Að þessu sinni voru veittir átta rannsóknarstyrkir, samtals að upphæð 4,1 mkr. Þetta er í tólfta sinn sem úthlutað er úr Háskólasjóði KEA. Eftirtalin verkefni fengu styrk:

Edward H. Huijbens. *Vaxandi áhugi og áhrif ríkja í Asíu á mál-efnum heimskautanna: Sjónarhorn frá Íslandi*. Kr. 400.000.

Eva Halapi. *Viðhorf, kunnátta og vilji Íslendinga til að aðlagast loftslagsbreytingum*. Kr. 600.000.

Hörður Sævaldsson. *Ráðstefna um nýtingu loðnu*. Kr. 400.000.

Markus Meckl. *Hvers vegna eru útlendingar svona ánægðir hér?* Kr. 400.000.

Sólveig Zophoníasdóttir. *Hugleikur – samræður til náms*. Kr. 300.000.

Rachael Lorna Johnstone. *Norðurlóðir á 21. öld*. Kr. 200.000.

Hjalti Jóhannesson. *Vaðlaheiddargöng – samfélagsáhrif*. Kr. 1.000.000.

Ögmundur Knútsson. *Auðlindasetur*. Kr. 700.000.

Ennfremur veitti KEA eftirfarandi kandidateitum viðurkenningar fyrir góðan námsárangur:

Viðskipta- og raunvísindasvið: Baldur Ingi Karlsson. Kr. 50.000.

Heilbrigðisvísindasvið: Guðlaug Ásta Gunnarsdóttir. Kr. 50.000.

Hug- og félagsvísindasvið: Heiðar Ríkhardsson. Kr. 50.000.

Menningar- og viðurkenningarsjóður KEA, styrkur til þátttökuverkefnis:

Sigrún Stefánsdóttir. Vísindaskóli fyrir börn 11-13 ára. Kr. 500.000.

Í mars var úthlutað styrkjum úr Rannsóknasjóði Háskólans á Akureyri. Úthlutað var styrkjum að upphæð samtals 14 mkr.:

Andrea Hjálmsdóttir og Ársæll Már Arnarsson. *Heilsa og lífskjör skólanema – Viðhorf unglunga til jafnréttis og verkaskiptingar kynjanna*. Kr. 750.000.

Ásgrímur Angantýsson. *Setningarleg einkenni atvikaorða í íslensku og skyldum málum*. Kr. 970.000.

Ásta Margrét Ásmundsdóttir. *Þróun einfaldrar aðferðar til að mæla stein- og snefilefni í sjávarfangi*. Kr. 400.000.

Brynhildur Bjarnadóttir og Þorlákur Axel Jónsson. *Tengsl námsgengis og umhverfisvitundar hjá landsbyggðarunglingum á norðurlóðum*. Kr. 120.000.

Edward H. Huijbens og Lawrence Berg. *Auditing the Academy: Comparative Study Academic Knowledge Production*. Kr. 500.000.

Eva Halapi og Kjartan Ólafsson. *Awareness, perception and attitudes on global climate change*. Kr. 350.000.

Finnur Friðriksson og Ásgrímur Angantýsson. *Íslenska sem námsgrein og mál í námi og kennslu*. Kr. 900.000.

Grétar Þór Eypórssón. *COST Action IS1207. LocRef: Umbreytingar á sveitarstjórnarstigi. Alþjóðlegur samanburður. Sérfræðihópur III: Umbreytingar á skipan sveitarfélaga og verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga*. Kr. 300.000.

Hermína Gunnþórsdóttir. *Veltur nám og þátttaka nemenda með sérþarfir í grunnskólum á mæðrum þeirra?* Kr. 200.000.

Hilmar Þór Hilmarsson. *Gross Domestic Product (GDP) as a measure of economic development? A post crisis view for Iceland and Latvia*. Kr. 300.000.

Hörður Sævaldsson og Ögmundur Knútsson. *Rannsókn á markaðssetningu á íslenskum sjávarafurðum*. Kr. 500.000.

Jóhann Örlygsson. *Framleiðsla greinóttra alkóhóla úr aminósýrum*. Kr. 900.000.

Kristinn P. Magnússon. *Genatjáníng rjúpu í Þingeyjarsýslu*. Kr. 1.100.000.

Markus Meckl og Birgir Guðmundsson. *Endurkoma kapólsku á Íslandi*. Kr. 400.000.

Nikolai Gagunashvili. *Densities mixture unfolding for data obtained from detectors with finite resolution and limited acceptance*. Kr. 500.000.

Oddur Vilhelmsson. *Áður óþekktir alfapróteógerlar úr íslenskum strandfléttum*. Kr. 1.300.000.

Rachael Lorna Johnstone. *Áreiðanleikakönnun*. Kr. 300.000.



Rannveig Björnsdóttir og Arnheiður Eypórsdóttir. *Uppsetning valinna lífvirkniþrófa*. Kr. 400.000.

Rúnar Sigþórsson og Eygló Björnsdóttir. *Rannsókn á byrjendalæsi*. Kr. 1.500.000.

Stefán Sigurðsson og Guðmundur K. Óskarsson. *Efnahagsleg áhrif hreindýraveiða á Austurlandi*. Kr. 200.000.

Trausti Þorsteinsson og Sigurður Kristinsson. *Samfélagslegt hlutverk háskóla*. Kr. 1.000.000.

Þorlákur Axel Jónsson. *Fer námsgengi landsbyggðarnema í framhaldsskólum eftir félagslegum uppruna frekar en fyrri námsárangri?* Kr. 140.000.

Þóroddur Bjarnason og Jón Þorvaldur Heiðarsson. *Efnahagslíf á norðanverðum Tröllaskaga*. Kr. 1.000.000.

Nýsköpunarsjóður námsmanna:

Oddur Þór Vilhelmsson. *Kuldakærar lífhreinsibakteríur úr íslenskum vistgerðum*.

Rannveig Björnsdóttir, Birgir Örn Smáráson og Sigríður Gísladóttir (samstarf HA, Matís ohf og Vía ehf). *Nýting lífrænna aukaafurða til framleiðslu á umhverfissvænu fíðuhráefni fyrir fiskeldi með svörtu hermannaflugunni*.

Rannveig Björnsdóttir og Jónína Þuríður Jóhannsdóttir (samstarf HA og Matís ohf). *Örþörungur úr lífríki sjávar við Ísland – eftirsótt lífvirkni í snyrtivörur*.

Rannveig Björnsdóttir og Jónína Þuríður Jóhannsdóttir (samstarf HA og Matís ohf). *Aukið verðmæti úr vinnslu á Karfa (Sebastes) – rannsókn á lífvirkni slíms úr innvolsi karfaaagna*.

Orkurannsóknasjóður Landsvirkjunar:

Brynhildur Bjarnadóttir. *MÝRVIDUR – loftslagsáhrif skógræktar á framræstu mýrlendi*. Kr. 2.500.000.

Science Cooperation Fund:

Rachael Lorna Johnstone. Samstarf milli lagadeildar Háskólans á Akureyri, Arctic Portal, Norðurslóðanets Íslands og KG Jebsen Centre for the Law of the Sea við háskólann í Tromsø.

Minningarsjóður Bjargar Magnúsdóttur ljósmóður og Magnúsar Jónassonar bónda við Háskóla Íslands:

Sigríður Sía Jónsdóttir. Doktorsrannsókn á sviði ljósmóðurfræði.



EITT OG ANNÐ



Astrid E. J. Ogilvie gegndi stöðu gestaprófessors í norðurlóðfræðum við Háskólann á Akureyri, sk. Nansensstöðu, árið 2014. Astrid var valin úr hópi 17 umsækjenda um stöðuna. Áður starfaði hún við Institute of Arctic and Alpine Research, við háskólann í Colorado í Boulder, USA, og einnig við Framsenteret, High North Research Centre for Climate and the Environment í Tromsø. Hún er einnig vísindafélagi við Stofnun Vilhjálms Stefánssonar.

Astrid var ráðin til eins árs á grundvelli samnings milli utanríkisráðuneyta Íslands og Noregs. Samningurinn nær til þriggja ára.



Þann 6. febrúar var undirritaður samstarfssamningur til fimm ára milli HA og Sjávarlíftæknisetursins BioPol ehf. á Skagaströnd. Aðilarnir hafa átt árangursríkt samstarf um rannsóknir í sjávarlíftækni frá 2007, en það ár var BioPol stofnað.

Við BioPol hefur verið unnið að fjölbreyttum verkefnum, meðal annars við að kortleggja vannýtt tækifæri til verðmætasköpunar innan íslensks sjávarútvegs. Hjá félaginu vinna vel menntaðir starfsmenn með fjölbreyttan bakgrunn og hefur það byggt upp fullkomna rannsóknaraðstöðu. Kennsla í sjávarútvegsfræði við HA hefur frá upphafi farið fram í samstarfi við innlend sjávarútvegsfyrirtæki og fyrirtæki og þeirra á meðal er BioPol.

Stefán B. Sigurðsson rektor og Adolf H. Berndsen, stjórnarformaður BioPol, undirrituðu samninginn.



Þann 27. janúar var undirritaður rammasamningur um samstarf HA og Matis. Samningurinn gildir til ársloka 2016 og verður hann þá endurnýjaður. Markmið samningsins er að efla rannsóknir og menntun í sjávarútvegsfræðum, matvælafræðum og líftækni. Ennfremur að fjölga þeim sem stunda nám og rannsóknir á þessum fræðasviðum. Með samningnum verða starfsmenn Matis virkari við kennslu við HA og eiga þeir kost á að sækja um akademískt mat hjá háskólanum.

Matis er stærsta rannsóknarstofnun landsins sem sinnir rannsóknum og nýsköpun á sviði matvæla og líftækni í þágu atvinnulífsins, lýðheilsu og matvæla- og fæðuöryggis.

Frá vinstri: Sveinn Margeirsson, forstjóri Matis, Ógmundur Knútsson, forseti við skipta- og raunvísindasviðs, Rannveig Björnsdóttir dósent, fagstjóri hjá Rannis, og Stefán B. Sigurðsson, rektor.



Þann 19. febrúar var undirritaður samningur milli Norðurorku og Háskólans á Akureyri um eflingu rannsókna við HA. Samningurinn er til þriggja ára. Norðurorka styrkir háskólann með árlegu framlagi í Rannsóknarsjóð skólans á samningstímanum. Í máli rektors við þetta tækifæri kom fram að gott samstarf við fyrirtæki í atvinnulífi er skólanum mjög mikilvægt og að í rannsóknum eru fölgir miklir gagnkvæmir hagsmunir í bráð og lengd.

Stefán B. Sigurðsson, rektor og Helgi Jóhannesson, forstjóri Norðurorku, undirrituðu.



Háskóladagurinn er árleg, sameiginleg kynning íslenskra háskóla. Að þessu sinni fór hann fram þann 1. mars. Kynning Háskólans á Akureyri fór fram á neðri hæð á Háskólatorgi HÍ, en þar voru einnig kynningar Háskólans á Höllum, Landbúnaðarháskóla Íslands og Háskóla Íslands. Fjöldmargir gestir kynntu sér námsframboð og þjónustu HA.



Solveig Hrafnadóttir náms- og starfsráðgjafi ásamt Stefáni Sigurðssyni lektori á Háskóladaginn.

EITT OG ANNAD



Háskólanum hlotnuðust ýmsar viðurkenningar fyrir hús og umhverfi skólans.

Gláma/Kím Arkitektar fengu menningarverðlaun DV í flokknum arkitektúr fyrir nýbyggingar Háskólans á Akureyri. Verðlaunin voru afhent í Iðnó þann 11. mars.


Í mars valdi hópur fagaðila Háskólann á Akureyri í annað sæti á lista yfir fallegustu nýbyggingar á Íslandi eftir 2007. Umsögn Sigrúnar Birgisdóttur arkitekts er svohljóðandi: „Háskólinn á Akureyri er byggður við og utan um eldri byggingar að Sólborg í nokkrum áföngum. Einstaklega vel hefur tekist til við flæði milli eldri og nýrri byggingarhluta og að skapa umhverfi sem þjónar vel háskólasamfélaginu. Sérstæða verksins felst í hversu vel hefur verið unnið með að skapa heildrænt yfirbragð með vandaða útfærslu á rýmum og efnisvali ásamt því að viðhalda vönduðum vinnubrögðum á löngum framkvæmdatíma.“

Gláma/Kím Arkitektar stýrðu hönnun lóðar og húsnæðis háskólans í samstarfi við þrjár aðrar arkitekta- og verkfræðistofur en þær eru Landslag ehf., Raftákn ehf. og Almenna verkfræðistofan.

Á Akureyrravöku í lok ágúst fékk Háskólinn á Akureyri verðlaun fyrir fallega og vel hirta lóð skólans. Eftirfarandi er umsögn dómnefndar: „Mjög falleg lóð á alla kanta og vel hirt. Aðkoman hellulögð og mjög snyrtileg, má meðal annars sjá trjágróður í afmörkuðum beðum við bílastæði. Grasflatir mjög fallegar og vel afmarkaðar með runna-beðum. Látlaus tjörn við innganginn. Gróðurlega séð er greinilega verið að hugsa um að hafa lóðina fallega frá vori til hausts. Í heildina vel skipulögð og mjög snyrtileg lóð.“



Sendiherra Indlands, Ashok Das, heimsótti háskólann þann 17. mars. Sendiherrann hafði óskað eftir að fá að hitta sem flesta af þeim aðilum sem tengjast norðurslóðamálum. Aftari röð frá vinstri: Halldór Jóhannsson, framkvæmdastjóri Arctic Portal, Tom Barry, forstöðumaður CAFF, Guðrún Rósa Þórsteinsdóttir, forstöðumaður RHA, Ashok Das sendiherra, Stefán B. Sigurðsson, rektor, Embla Eir Oddsdóttir, forstöðumaður Norðurslóðanets Íslands, Ógmundur Knúttsson, forseti viðskipta- og raunvísindasviðs og Hreiðar Þór Valtýsson, forstöðumaður Sjávarútvegsmiðstöðvarinnar við HA. Fremri röð: Dr. Erika Das, Bjarni Eiríksson, verkefnastjóri og Guðmundur Magnússon, aðjúnkt.



Rektor HA tók á móti sendifulltrúa Japans á Íslandi, Tatsukuni Uchida, þann 18. mars. Sendifulltrúinn kynnti sér meðal annars norðurslóðamál. Einnig möguleika á að bjóða upp á námskeið í japönsku við Símenntun HA, og nemenda- og starfsmannaskipti milli Íslands og Japan. Uchida flutti erindi á félagsvísindatorgi og nefndist það Three Major Challenges for Japan, and Japan-Iceland Relations. Á myndinni eru frá vinstri: Eri Yamashita, starfsmaður sendiráðsins, Tatsukuni Uchida sendiherra, Stefán B. Sigurðsson, rektor og Elin Margrét Hallgrímsdóttir, símenntunarstjóri HA.



Mynd frá árlegu Smakkvöldi Stafnbúa, félags audlindaeildarnema, sem haldið var í mars. Smakkvöld er einkonar uppskeruhátíð sjávarútvegs- og líftækninema þar sem hinar ýmsu fisktegundir eru matreiðdar. Að þessu sinni voru það djúpsjávartegundirnar stinglax, gjölnir og langhali. Loðnuhrogn og hrognafull loðna var einnig í boði sem og þykkvalúra, þurrkuð sól og marinerað langreyðarkjöt.

Að öðrum tegundum ólöstudum þótti það siðastnefnda hvað ljúffengast. Nemendur fengu ýmis fyrirtæki til að styrkja þennan viðburð.

Frá vinstri: Daniel Guðbjartsson og Anton Helgi Guðjónsson, nemar í sjávarútvegsfræði.

EITT OG ANNÆÐ



Alþjóðleg vinnuvika viðskiptafræðinema var haldin í HA um mánaðamótin mars-apríl. Sex nemar úr HA og fjórir kennarar tóku á móti 23 manna hópi nemenda og kennara frá þremur löndum: Danmörku, Finnlandi og Litháen. Nemendur unnu verkefni sem lutu að samruna og yfirtöku fyrirtækja og áhrifum þeirra breytinga á mannauðsstjórnunarpætti. Skilyrði var að um raunveruleg dæmi væri að ræða. Nemendur og kennarar gerðu sér einnig ýmislegt til skemmtunar og fróðleiks, svo sem að fara í vettvangsferðir. Var það samdóma álit íslensku og erlendu nemanna og kennaranna að vel hefði tekist til. Fremst á myndinni eru Fjóra Björk Jónsdóttir, aðjúnkt og Ársæll Már Arnarsson, prófessor.



Símenntun HA útskrifaði 30 nemendur úr leiðsögunámi þann 13. maí. Er það í fyrsta sinn sem nemendur útskrifast úr slíku námi utan höfuðborgarsvæðisins. Leiðsögunámið er byggt á Námskrá fyrir leiðsögunám sem gefin var út af mennta- og menningarmálaráðuneytinu árið 2004. Námið, sem stóð yfir í tvær annir, fór fram í samstarfi við Leiðsöguskólann og Samtök ferðapjónustunnar.

Nemendur lærðu um leiðsögotækni, um helstu ferðamannastaði, íslenskt samfélag, jarðfræði landsins, sögu og menningu, gróður og náttúruvernd, atvinnuvegi og bókmenntir og listir, svo nefnt sé það helsta. Auk þess fengu þeir þjálfun í erlendu tungumáli að eigin vali. Útskriftarhópurinn er góð viðbót í flóru leiðsögumanna á Norðurlandi og verkefni eru næg í takt við mikla fjölgun ferðamanna. Útskrifuðum nemendum stendur opið að gerast meðlimir í Félagi leiðsögumanna.



Frá samstarfsdegi HA og HÍ í apríl. Frá vinstri: Kristín Dýrfjörð, dósent við kennaradeild, Ragnheiður Lilja Bjarnadóttir, sérfræðingur og Jenný Gunnbjörnsdóttir, sérfræðingur, báðar við miðstöð skólaþróunar við Háskólann á Akureyri.



Nokkrir erlendir nemendur stunduðu rannsóknir í líftækni í rannsóknarstofu HA á Borgum á vormisseri í gegnum Erasmus og skiptinám, undir handleiðslu Jóhanns Örylgssonar, prófessors, Odds Vilhelmssonar, prófessors og Sean Scully, aðstoðarmanns. Rannsóknirnar lutu að orkulíftækni, aðallega hitakærum, loftfirrtum bakteríum sem framleiða lífrænt eldsneyti. Verkefnið var að rækta bakteríur við mismunandi aðstæður til að hámarka framleiðsluna. Farið var í vettvangsferð á hverasvæðin við Mývatn og sýni tekin til rættunar. Nemendurnir voru frá Finnlandi, Ítalíu, Svartfjallalandi og Slóveníu.

EITT OG ANNAÐ



Í maí stóð nýstofnuð skemmtinefnd hug- og félagsvísindasviðs fyrir skemmti- og fræðslugöngu um Oddeyrina. Leiðsögumenn í göngunni voru þær Rósa Kristín Júlíusdóttir, dósent og Halldóra Haraldsdóttir, dósent. Skemmtinefndin mun standa reglulega fyrir viðburðum og fræðslu fyrir starfsfólk.



Í maí var hér staddur hópur tólf nemenda með kennurum frá háskólanum í Riga í Lettlandi. Þeir sátu námskeið ásamt nemendum HA í fjölmiðlafræði og nútímafræði. Haldið var málþing undir yfirskriftinni *Identity*. Nemendur skiptust á skoðunum og deildu sjónarhornum, tulkunum og upplifunum. Árið 2013 fór tíu manna hópur frá HA til Lettlands í svipuðum erindagerðum, en með annað umfjöllunarefni.

Hildur Friðriksdóttir, meistaraneimi ræðir við nemendur frá Riga.



Dagana 8. – 10. júní heimsótti HA hópur nemenda og kennara frá Western Kentucky University – WKU. Hópurinn ferðaðist sjóleiðis milli landa í Norður-Evrópu undir heitinu *Toppers at Sea*.

Á leiðinni stunduðu nemendurnir nám á þverfaglegri námsleið með áherslu á loftslagsbreytingar. Í HA var haldið málþingið *Climate Change Challenge: A Symposium on Climate Change in the North Atlantic* þar sem nemendur kynntu niðurstöður rannsókna sinna.

Heimsóknin í HA tókst vel og lagður var grunnur að samstarfi háskólanna. Í október kom hópur starfsmanna frá WKU í heimsókn til háskólans. Unnið var að undirbúningi sameiginlegs sumarnámskeiðs árið 2015. Einnig var undirbúinn samstarfssamningur milli skólanna á sviði rannsókna og starfsmanna- og nemendaskipta.

Við það tækifæri var gróðursett eplatré á lóð háskólans. Tréð var gjöf WKU til HA. Það heitir *Tree of Change* sem vísar til kjarna samstarfsins milli skólanna, þ.e. rannsókna á hlýnun jarðar og hnattrænum áhrifum hennar. Eplatré hafa líka verið gróðursett við WKU og í Belize, en þangað nær samstarfið einnig.

Aftari röð frá vinstri: Dr. Jason Polk, Eileen Strenucky, Eyjólfur Guðmundsson, rektor, dr. Bernie Strenucky, Embla Eir Oddsdóttir, forstöðumaður og Hreiðar Þór Valtýsson, forstöðumaður.

Framar: Dr. Leslie North, Nancy Mager.



Í lok maí fór fram í háskólanum áttunda UArctic Rectors Forum ráðstefnan þar sem rektorar ýmissa háskóla á norðurlöðum koma saman. Þemað að þessu sinni var: *Háskólanám á norðurlöðum – sveigjanleiki – jafnrétti og heilsa, University Education in the Arctic Regions – flexibility, gender equality and health*. Þátttakendur í ráðstefnunni voru um 70 talsins frá tíu þjóðlöndum.

Dagskrá hófst með Students Forum þar sem hópur nemenda frá ýmsum háskólum á norðurlöðum kom saman til umræðna. Nemendurnir tóku síðan þátt í ráðstefnunni.



Tekið var á móti Victoríu krónprinsessu Svíþjóðar og eiginmanni hennar, Daniel Westling prins, í HA þann 19. júní, en þau voru í tveggja daga opinberri heimsókn hér á landi. Með í för voru forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, og Dorrit Moussaieff ásamt fleirum. Í háskólanum var haldin kynning fyrir gestina um samvinnu á norðurlöðum, þar sem fræðimenn kynntu margvíslegar rannsóknir á því sviði. Fyrir um daginn höfðu gestirnir heimsótt Húsavík og Mývatn og skoðað nokkrar náttúruperlur. Stefán B. Sigurðsson rektor ræddi við gestina á sænsku.

EITT OG ANNÆÐ

Háskólahátíð 14. júní

Háskólahátíð var haldin þann 14. júní á Sólborg. Er það í fyrsta sinn sem hátíðin fer fram í nýjum húsakynnum skólans í Miðborg og aðliggjandi sölum og kennslustofum. Húsnæðið var fallega skreytt, veður eins og best verður á kosið, og fór hátíðin vel fram.



Á sviðinu í hátíðarsalnum.

Frá vinstri: Ögmundur Knútsson, forseti viðskipta- og raunvísindasviðs, Sigrún Stefánsdóttir, forseti hug- og félagsvísindasviðs, Árún Kr. Sigurðardóttir, forseti heilbrigðisvísindasviðs, Stefán B. Sigurðsson, rektor og Kristín Ágústsdóttir, forstöðumaður markaðs- og kynningar sviðs. Í ræðustól er Illugi Gunnarson, mennta- og menningarmálaráðherra.



Nemendur koma sér fyrir í hátíðarsalnum á brautskráningarathöfninni.



Leifur Guðni Grétarsson flutti ávarp fyrir hönd kandiðata.



Stefán B. Sigurðsson rektor brautskráði nemendur í síðasta sinn. Ögmundur Knútsson, staðgengill rektors, ávarpaði Stefán, færði honum bestu þakkir og gjöf fyrir hönd háskólans.



Afhending styrkja úr Háskólasjóði KEA á háskólahátíð.

Aftari röð frá vinstri: Halldór Jóhannsson, framkvæmdastjóri KEA, Edward H. Huijbens, prófessor, Hörður Sævaldsson, sérfræðingur, Markus Meckl, prófessor, Ögmundur Knútsson, forseti viðskipta- og raunvísindasviðs, Stefán B. Sigurðsson, rektor.

Fremri röð: Rachael Loma Johnstone, prófessor, Guðrún Rósa Þórsteinsdóttir, forstöðumaður, Eva Halapi, sérfræðingur og Sólveig Zophoniasdóttir, sérfræðingur.

Frá vinstri: Fyrirverandi rektor, Þorsteinn Gunnarsson, Stefán B. Sigurðsson, rektor og Eyjólfur Guðmundsson, tilvonandi rektor HA.



Frá samkomu Háskólaseturs Vestfjarða á Hrafnseyri þann 17. júní. Nokkur undanfarin ár hefur HS Vest efnt til útskriftarhátíðar á Hrafnseyri fyrir nemendur úr meistaranámi í haf- og strand-svæðastjórnun, en það nám er á vegum Háskólans á Akureyri. Fjarnemar HA hafa líka aðstöðu hjá Háskólasetri Vestfjarða. Stefán B. Sigurðsson, rektor afhenti nemendum prófskirtelin.

Efri röð frá vinstri: Marie Legateois, Megan Anne O'Brien, Lucian Renitá, Lauren Parkhouse, Johanna Schumacher, Anja Bock, Jennifer Grace Smith, Kristín Ósk Jónasdóttir kennslustjóri, Stefán B. Sigurðsson, rektor.

Neðri röð: Andrew Osmond, Rána Campbell, Claudia Matzdorf Brenner, Charla Basran, Chelsea Boaler, Johanna Humphrey, Rob Salisbury.



Menntamálaráðherra skipaði Eyjólf Guðmundsson í embætti rektors Háskólans á Akureyri frá og með 1. júlí 2014 til fimm ára. Fráfarandi rektor, Stefán B. Sigurðsson, afhenti Eyjólf rektorslykilinn á táknaðan hátt. Stefán gegndi embættinu frá 1. júlí 2009.

Eyjólfur starfaði sem aðalhafgræðingur hjá CCP í sjö ár áður en hann gerðist rektor. Hann er stúdent frá Verslunarskóla Íslands og lauk BS gráðu í hagfræði frá Há-skóla Íslands árið 1992. Eyjólfur lauk doktorsprófi í sömu fræðigrein frá Rhode Island University í Bandaríkjunum árið 2001. Á þeim tíma starfaði Eyjólfur við Háskólann á Akureyri í nokkur ár, síðustu árin sem deildarforseti viðskipta- og raunvísindadeildar skólans.

Stefán B. Sigurðsson tók við hlutastöðu prófessors við heilbrigðisvísindasvið HA 1. ágúst 2014.



Andrea Hjálmsdóttir, formaður umhverfisráðs HA, leiðbeinir nýjum rektor við að flokka sorp. Starfsfólk og nemendur skólans venjast skipulegri sorpflokkun. Vel skipulögð og merkt ílát til þeirra hluta vekja líka athygli gesta háskólans.



Haustið 2014 kom í fyrsta sinn út rafræn íslensk kennslubók í efnafræði fyrir háskólastigið, *Grunnatíði efnafræðinnar*. Bókin er gædd öllum helstu kostum rafrænnar framsetningar. Þannig eru töflur og myndir stækkanlegar og hægt er að krækja í ýmsa fyrirlestra sem tengjast efninu. Bókin mun meðal annars nýtast nemendum í aðfaranámi í efnafræði við HA, en þeir eru staðsettir vitt og breitt um landið. Fyrirlestrar fara fram í HA og upptökur af þeim eru aðgengilegar nemendum á internetinu. Höfundar bókarinnar eru Sigurður Bjarklind, aðjúnkt, sem lagði til efnid, og Andri Gylfason, líefnafræðingur, sem vann alla tölvuvinnu.

Frá vinstri: Andri Gylfason og Sigurður Bjarklind.



Nýnemadagar

Nýnemadagar eru haldnir við upphaf hvers skólaárs. Dagana 25. – 28. ágúst fór fram móttaka nýnema við skólann. Nemendurnir eru boðnir velkomnir með ítarlegri kynningu á skólanum, húsnæði hans og starfseminni.



Sigrún Stefánsdóttir, forseti hug- og félagsvísindasviðs, býður nýnema háskólans velkomna með nokkrum heilræðum í haustblíðunni í ágúst.




Fulltrúi nýnema hringir Íslandsklukkunni til að marka skólabyrjun. Að þessu sinni var það Sigurpáll Albertsson.



EITT OG ANNAÐ

Vísindasetur

Á Akureyrarvöku 29. – 31. ágúst var sett upp vísindasetur í Rósenborg. Fullt var út úr dyrum á sprengisýningum Sean Scully, efnafræðings við auðlindadeild HA, þar sem hann sýndi litróf efnafræðinnar. Margt fleira var í boði, til dæmis sýndi Katla Hrund Björnsdóttir, ásamt nemum í MA, börnum og fullorðnum litríkar örverur í víðsjá og kenndi þeim búa til slím sem er nýtsamlegt til ýmissa hluta. Starfsfólk Náttúrufræðistofnunar Íslands sýndi háplöntur, fléttur og erfðamengi rjúpunnar. Nýsköpunarmiðstöð Íslands prentaði út hluti í þrívídd. Þetta er í annað sinn sem Kristinn Pétur Magnússon, prófessor við HA, undirbýr og útsetur vísindasetrið og er það orðið fastur liður á Akureyrarvöku.





Í september var haldið í HA námskeið um undirstöðuatriði dagskrárgerðar fyrir útvarp. Þátttakendur voru á öllum aldri og víða að af landinu. Námskeiðið var samvinnuverkefni HA, Ríkisútvarpsins og Símenntunar HA. Kennarar voru úr röð- um kennara HA og úr starfslíði Ríkisútvarpsins. Þátttakendur á námskeiðinu geta í framtíðinni boðið RÚV krafta sína og unnið vandað efni í sinni heimabyggð til flutnings á Rás 1 eða Rás 2. Þetta er í fyrsta skipti sem boðið er upp á námskeið sem þetta á Akureyri en vonir standa til að það verði í boði árlega.

Dagskrárgerðarfólk framtíðarinnar ásamt kennurum. Í fremstu röð frá vinstri: Björgvin Kolbeinsson, tækniámaður, Sigrún Stefánsdóttir, forseti hug- og félagsvísindasviðs og Þórhildur Ólafsdóttir og Ágúst Ólafsson, fréttamenn. Þátttakendur: Brynja Baldursdóttir, Fannar Þór Guðmundsson, Gunnar Svavarsson, Hafdís Boga- dóttir, Hallfríður Ingimundardóttir, Hjörvar Óli Sigurðsson, Ina Dagbjört Gísladóttir, Jón Ármann Steinnsson, Jón Stefán Baldursson, Jón Þór Aðalsteinsson, Karen Sigur- bjómsdóttir, Kári Þór Sigríðarson, Kolbrún Baldursdóttir, Kristín Sigurrós Einarssdóttir, Ólafur Haukur Tómasson, Sif Sigurðardóttir, Þorsteinn Einar Amórsson og Þórdís Leifsdóttir.



Frá námstefnu um Byrjendalæsi á vegum miðstöðvar skólaþróunar við HA 12. september.

Námstefnan var haldin í tengslum við ráðstefnuna *Læsi – til samskipta og náms*.



Kristín Aðalsteinsdóttir, prófessor við kennaradeild, lauk störfum við Háskólann á Akureyri á árinu. Kristín hóf störf við HA sem stundakennari við kennaradeild á öðru starfsári deildarinnar, 1994 – 1995. Lektor varð hún árið 1996, dósent 2001 og prófessor 2008 og þar með fyrsti kvenprófessor kennaradeildar. Kristín átti mikinn þátt í mótun kennaradeildar auk þess sem hún gegndi mörgum trúnaðarstörfum fyrir bæði deildina og háskólann. Kristín er áfram virk í alþjóðlegu rannsóknarstarfi.

Frá vinstri: Miriam Høkestad Olsen frá The Arctic University of Norway í Alta, Kristín Aðalsteinsdóttir, prófessor og Hermína Gunnþórsdóttir, lektor við HA. Þær hlutu styrk úr Arctic Studies Science Cooperation Fund til verkefnisins *Research on Adult Education in the Arctic*.



Gestir og gangandi fjölmenntu á árlegan HA – dag sem haldinn var í húsakynnum skólans þann 13. nóvember. Stúdentsefni á Norðurlandi sóttu skólann heim til að fræðast um starfsemi hans og námsframboð. Kynningarbásar voru settir upp í Miðborg og tóku nemendur og kennarar virkan þátt í kynningunni. Einnig var kennsluhúsnæði og önnur aðstaða til sýnis. Kynntar voru allar námsleiðir innan skólans, ásamt möguleikum á skiptinámi, og náms- og starfsráðgjafi skólans var til viðtals.

EITT OG ANNAÐ



Þann 2. nóvember var undirritaður samstarfssamningur milli HA og Náttúruvinnustofnunar Frakklands, Muséum national d'histoire naturelle – MNHN. Samningurinn stuðlar að vísindalegri samvinnu milli Íslands og Frakklands. Megináhersla verður lögð á náttúruvísindi, þekkingu og stjórnun líffræðilegs fjölbreytileika, umhverfisrétt og samband samfélags og umhverfis. Frá vinstri: Ögmundur Knútsson, forseti viðskipta- og raunvísindasviðs, Eyjólfur Guðmundsson, rektor, Michel Rocard, fyrrverandi forsætisráðherra og sendiherra Frakklands á heimskautasvæðum, og Philippe O'Quin, sendiherra Frakklands á Íslandi.



Í byrjun nóvember komu nemendur Sjávarútvegsskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna (UNU-FTP) í árlega heimsókn í háskólann. Það var liður í sex vikna inngangsnámskeiði þeirra. Nemendurnir hlýddu á fyrirlestra hjá kennurum HA og hér er það Ögmundur Knútsson, forseti viðskipta- og raunvísindasviðs, sem heldur fyrirlestur um virðiskeðju sjávarútvegs. Nemendurnir voru 22 talsins frá 15 löndum.




Sigrún Stefánsdóttir, forseti hug- og félagsvísindasviðs, tók á móti styrk til Vísindaskóla HA úr Menningar- og viðurkenningarsjóði KEA í nóvember. Vísindaskóli HA er ætlaður fólki á aldrinum 11 – 13 ára. Tilgangurinn er annarsvegar að auka valmöguleika þegar formlegu skólastarfi lýkur að vori og hinsvegar að kynna háskólann fyrir ungmennum á svæðinu og færa hann nær norðlenskum heimilum. Boðið verður upp á fjölbreytt námskeið sem tengjast námsframboði skólans og munu kennarar og nemendur HA sjá um kennsluna. Hluti starfsins fer fram innan veggja skólans en einnig fara nemendur hjólandi í vettvangsferðir og hitta sérfræðinga í ólíkum störfum, meðal annars í sjávarútvegi og fjölmiðlum. Vísindaskólinn verður starfræktur í fyrsta sinn í júní 2015 og verður framvegis árlegur viðburður. Akureyrarbær, Norðurorka og fleiri aðilar munu styrkja Vísindaskólann.



Venju samkvæmt var efnt til fullveldishátíðar í háskólanum þann 1. desember. Gengið var fylktu liði með kyndla frá skólanum að Íslandsklukkunni. Eyjólfur Guðmundsson, rektor, flutti ávarp og Kristín Aðalsteinsdóttir, prófessor, hringdi klukkunni 14 slög, eitt fyrir hvert ár á nýrri öld. Á eftir var samkoma í Miðborg þar sem Eldri barnakór Akureyrarkirkju söng undir stjórn Sigrúnar Mögnu Þórsteinsdóttur. Einnig var boðið upp á kakó og smákökur.

ÁRSREIKNINGUR 2014

Skipting kostnaðar



Pús. kr.


Launagjöld	72,2%	1.457.926
Húsnæðiskostnaður	8,9%	179.673
Skrifstofu- og stjórnunarkostn.	3,4%	68.009
Funda- og ferðakostnaður	3,8%	77.669
Aðkeypt sérfræðipjónusta	3,7%	74.735
Annar rekstrarkostnaður	3,5%	71.188
Eignakaup	0,5%	9.876
Tilfærslur	4,0%	80.619
Samtals	100,0%	2.019.695

Rekstrarreikningur árið 2014

	2014	2013
Tekjur		
Innritunargjöld	137.860.572	106.938.432
Framlög og styrkir	196.332.565	155.688.134
Aðrar tekjur	147.664.192	141.528.289
	<u>481.857.329</u>	<u>404.154.855</u>
Gjöld		
Laun og launatengd gjöld	1.457.925.963	1.294.079.762
Húsnæðiskostnaður	179.673.074	196.273.898
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	68.008.825	65.305.846
Funda- og ferðakostnaður	77.668.694	82.339.954
Aðkeypt sérfræðipjónusta	74.735.333	76.989.009
Annar rekstrarkostnaður	71.188.085	50.717.762
Tilfærslur	80.618.814	93.728.962
	<u>2.009.818.788</u>	<u>1.859.435.193</u>
Eignakaup	9.876.336	16.229.951
	<u>2.019.695.124</u>	<u>1.875.665.144</u>
Tekjuafgangur (tekjuhalli) fyrir hreinar fjármunatekjur	(-1.537.837.795)	(-1.471.510.289)
Fjármunatekjur (fjármagnsgjöld)	6.153.617	5.649.065
Tekjuafgangur (tekjuhalli) ársins	(-1.531.684.178)	(-1.465.861.224)
Ríkisframlag	<u>1.534.100.000</u>	<u>1.489.475.000</u>
Tekjuafgangur (tekjuhalli) ársins	<u><u>2.415.822</u></u>	<u><u>23.613.776</u></u>



Skipting tekna



		Pús. kr.
Innritunargjöld	6,8%	137.861
Aðrar tekjur	7,6%	153.818
Framlög	9,7%	196.332
Ríkisframlag	75,9%	1.534.100
Samtals	100,0%	2.022.111

Efnahagsreikningur 31. desember 2014

	2014	2013
Eignir		
Áhættufjármunir	<u>14.000.000</u>	<u>14.000.000</u>
Eignarhlutir í félögum	<u>14.000.000</u>	<u>14.000.000</u>
Veltufjármunir		
Viðskiptakröfur	123.540.408	113.021.798
Handbært fé	<u>205.311.225</u>	<u>143.275.029</u>
	<u>328.851.633</u>	<u>256.296.827</u>
Eignir alls	<u>342.851.633</u>	<u>270.296.827</u>
Eigið fé og skuldir		
Eigið fé		
Höfuðstóll:		
Höfuðstóll í ársbyrjun	3.140.014	(20.473.762)
Tekjuafgangur (tekjuhalli) ársins	<u>2.415.822</u>	<u>23.613.776</u>
Höfuðstóll	<u>5.555.836</u>	<u>3.140.014</u>
Eigið fé	<u>5.555.836</u>	<u>3.140.014</u>
Skuldir		
Skammtímaskuldir		
Ríkissjóður	166.980.165	135.527.260
Fyrirfram innheimtar tekjur	100.785.220	78.554.941
Viðskiptaskuldir	<u>69.530.412</u>	<u>53.074.612</u>
Skuldir	<u>337.295.797</u>	<u>267.156.813</u>
Eigið fé og skuldir	<u>342.851.633</u>	<u>270.296.827</u>



BRAUTSKRÁNING 14. JÚNÍ 2014

Háskólinn á Akureyri brautskráði 328 kandiðata á háskólahátíð 14. júní. Af þessum hópi stunduðu 99 fjarnám fyrir milligöngu háskólasetra og símenntunarmiðstöðva, 41 stundaði lotunám og 188 staðarnám. Flestir kandiðatar voru brautskráðir frá hug- og félagsvísindasviði eða 168. Frá heilbrigðisvísindasviði brautskráðust 85 kandiðatar en 75 frá viðskipta- og raunvísindasviði.

Brautskráning var sem hér segir:

BS próf í hjúkrunarfræði 48
 BS próf í iðjubjálfunarfræði 17
 Dipl Sc í heilbrigðisvísindum 12
 MS próf í heilbrigðisvísindum 8
 BA próf í félagsvísindum 6
 BA próf í fjölmiðlafræði 7
 BA próf í nútímafræði 6
 BA próf í sálfræði 31
 BA próf í þjóðfélagsfræði 1
 BEd próf í kennarafræði 31
 Kennslufræði til kennsluréttinda 1
 Dipl Ed í menntunarfræði 8
 Dipl Ed í menntavísindum 3
 MEd próf í kennara- og menntunarfræði 2
 MEd próf í kennarafræði 1
 MEd próf í menntunarfræði 40
 MA próf í menntavísindum 6

BA próf í lögfræði 8
 MA próf í heimskautarétti 5
 ML próf í lögfræði 12
 BS próf í líftækni 10
 BS próf í sjávarútvegsfræði 8
 MS próf í auðlindafræði 2
 MRM próf í haf- og strandsvæðastjórnun 16
 BS próf í viðskiptafræði 38
 MS próf í viðskiptafræði 1

Brautskráðir frá upphafi

Deild	2014	Samtals
Auðlindaeild		49
Félagsvísinda- og lagadeild	76	565
Heilbrigðisdeild	85	1.068
Kennaradeild	92	1.848
Viðskipta- og raunvísindadeild	75	624
Viðskipta-/Rekstrardeild		476
Sjávarútvegsdeild		96
Upplýsingatæknideild		32
Samtals	328	4.758



Viðurkenningar fyrir námsárangur í grunnnámi hlutu:

Auðlindafræði – Sindri Már Atlason

Félagsvísindi – Ingibjörg Elín Halldórsdóttir

Kennarafræði – Heiðar Ríkhartsson

Hjúkrunarfræði – Guðlaug Ásta Gunnarsdóttir

Iðjubjálfunarfræði – Nína Jensen

Lögfræði – Magnús Valur Axelsson


Viðskiptafræði – Baldur Ingi Karlsson

Góðvinir Háskólans á Akureyri veittu viðurkenningar til þeirra nemenda, sem hafa starfað mikið í þágu háskólans, svo sem með nefndarsetum og við kynningarstarf.

Þrjú hlutu heiðursverðlaun Góðvina að þessu sinni, þau Hafdís Erna Ásbjarnardóttir, hug- og félagsvísindasviði, Jóhanna Ósk Snædal, heilbrigðisvísindasviði og Leifur Guðni Grétarsson, viðskipta- og raunvísindasviði.

Stefán B. Sigurðsson, fráfarandi rektor HA, fékk einnig sérstök verðlaun fyrir störf sín við háskólann.

Brautskráðir 2014



BRAUTSKRÁNINGARRÆÐA REKTORS



Kæru kandídatar, menntamálaráðherra Illugi Gunnarsson, verðandi rektor Eyjólfur Guðmundsson, fyrrum rektor Þorsteinn Gunnarsson, ágæta samstarfsfólk og aðrir góðir gestir.

Hjartanlega velkomin á árlega háskólahátíð Háskólans á Akureyri sem er nú í fyrsta sinn haldin í þessum glæsilegu húsa-kynnum skólans. Við vissum að hér yrði þétt setið og var því nauðsynlegt að takmarka fjölda gesta. Ég vona að það fari vel um alla.

Fyrir fimm árum síðan, í júní 2009, var ég sem gestur viðstaddur útskriftarathöfn sem þessa og beið þá eftir að taka við stjórn Háskólans á Akureyri. Nokkrum mánuðum áður hafði dunið yfir þjóðina eitt mesta efnahagshrun sem hún hefur gengið í gegnum. Fjárveitingar til skólans höfðu lækkað verulega og nauðsynlegt var að beita kröftugum niðurskurði í rekstri skólans til að geta rekið hann samkvæmt fjárlögum. Það tókst, og um leið að skila dálitlum rekstrarafgangi til að greiða upp í þann skuldahala sem hvíldi á skólanum. Þetta hefur síðan verið endurtekið árlega síðastliðin fimm ár. Skólinn hefur þurft að búa við samfelldan niðurskurð, en samt hefur tekist að skila rekstrinum réttu megin við strikið öll árin. Nú um síðustu áramót tókst að lokum að greiða upp síðustu skuldir skólans og hann ætti því að vera í góðum málum í dag.

Hvernig var þetta hægt? Jú, þetta hefur tekist með samstilltu átaki nær allra starfsmanna skólans. Ár eftir ár var leitað nýrra leiða til að lækka rekstrarkostnaðinn. Ein leiðin var að ráða ekki í stöður sem losnuðu og leggja starfsálagið á þá starfsmenn sem eftir voru. Þannig hefur okkur tekist að bregðast við niðurskurði, þar sem við höfum misst eina krónu af hverjum fjórum, en um leið tekist að greiða upp þær skuldir sem á okkur hvíldu.

Ég fullyrði að skólinn er í dag einn best rekni háskólinn á Íslandi, þrátt fyrir mjög erfiðar aðstæður, en ég vil leggja áherslu á að lengra verður ekki gengið. Við trúum því einlægt að botninum sé náð hvað þetta varðar.

Bjartari tímar eru vonandi framundan. Ekki skortir tækifærin, þau blasa hvarvetna við. Á höfuðborgarsvæðinu eru um 30% íbúa með háskólamenntun og talið er að það þurfi að auka þann fjölda. Á landsbyggðinni eru einungis um 20% íbúa með háskólapróf og þar þarf því heldur betur að efla menntunars-tigið.

Allt bendir til að þörfin sé mest hvað varðar tæknimenntun. Efla þarf iðnmenntun á framhaldsskólastigi á landsbyggðinni og síðan byggja upp möguleika á áframhaldandi tækninámi á háskólastigi, t.d. hér við Háskólann á Akureyri.

Vafalaust mun það um leið efla sókn karla í háskólanám, en hún hefur farið ört minnkandi undanfarin ár. Að sjálfsögðu er þetta um leið tækifæri til að efla þátttöku kvenna í tækninámi. En við eigum ekki síður að leggja áherslu á að efla þátttöku karla í hefðbundnum kvennagreinum, eins og hjúkrunar- og kennarafræðum.

Mikilvægt er að við í háskólunum kynnum okkur þær leiðir sem skila hvað bestum árangri í námi í dag. Þar gegna samskipti í gegnum internetið hvað mestu hlutverki. Fyrirlestrar eiga að vera aðgengilegir nemendum á netinu og það gerir kröfur um hnitmiðaða framsetningu námsefnis. Rannsóknir sýna að eftir tíu mínútna hlustun fer athyglin að dvína.

Staðarnemar vilja einnig hafa aðgang að fyrirlestrum á netinu, þeir vilja getað hlustað á þá þegar þeir eru vel upplagðir, og hlustað á þá aftur og aftur. Þegar nemendur hittast og þeir vinna með kennurum sínum á að nota tímann til að efla samskipti, í samræður um námsefnið, í að vinna saman að lausn vandamála því tengdu, en ekki í fyrirlestra. Þegar við höfum skapað slík tengsl geta einstaklingarnir farið til síns heima og haldið áfram samskiptum yfir internetið.

Mikil tækifæri geta legið í norðurslóðamálum, til dæmis varðandi nýjar siglingaleiðir. Þar eiga eftir að verða miklar breytingar á næstu árum og áratugum. Það er eins gott að við Íslendingar látum þau tækifæri ekki fram hjá okkur fara.

Þó að Háskólinn á Akureyri hafi lengi verið í forystu meðal háskóla á Íslandi varðandi norðurslóðamál þarf að efla þá hugsun í öllum háskólum landsins. Það þarf að auka samstarf milli skólanna í þeim efnum. HA stefnir þó að því að halda forystuhlutverkinu á þeim sviðum þar sem við höfum styrk og reynslu til.

Árlega hittast rektorar norðurslóðaháskóla í einhverju aðildarlandanna og kallast þessi ráðstefna Rectors Forum. Í lok maí var slík ráðstefna haldin hér við Háskólann á Akureyri. Þemað var: Menntun á norðurslóðum, jafnrétti og heilbrigði. Kom það eflaust mörgum hinna nærri fjörutíu rektora á óvart hvað við höfðum mikið fram að leggja í þessum málum.



Allt bendir til þess að áhrif hnattrænnar hlýnunar, *Global Warming*, séu komin til að vera og fari vaxandi. Flest þessara áhrifa munu vera neikvæð, þau munu leiða til þess að við þurfum að breyta lífnaðarháttum okkar. Hér getur Háskólinn á Akureyri lagt sitt af mörkum til að bregðast við þessum breytingum.

